# Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar janúar – september 2024

Lagt fram í borgarráði
5. desember 2024

# Efnisyfirlit

1. Aðalsjóður ..... 2
1.1 Menningar- og íþróttasvið ..... 5
1.2 Skóla- og frístundasvið ..... 7
1.3 Umhverfis- og skipulagssvið ..... 15
1.4 Velferðarsvið ..... 17
1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir ..... 20
1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ..... 22
1.6 Sameiginlegur kostnaður ..... 23
1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið ..... 24
1.8 Mannauðs- og starfsþróunarsvið ..... 25
1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið ..... 26
1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja ..... 27
2. Eignasjóður ..... 28
2.1 Eignaskrifstofa (ESR) ..... 31
2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu (RHSES) ..... 32
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES) ..... 33

# 1. Aðalsjóður




| Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.) | Raun 2024_09 | Áætlun | Frávik | % | Raun 2023_09 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Staðgreiðsla | 97.110 | 99.872 | -2.763 | -2,8% | 89.584 | 7.526 | 8,4% |
| Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. | -14.844 | -14.744 | -100 | 0,7% | -12.458 | -2.386 | 19,2% |
| Eftirá álagt útsvar, skattbr., niðurfærslur og afskrift skatttekna | 4.416 | 2.850 | 1.566 | 54,9% | 4.132 | 283 | 6,9% |
| **Nettó útsvar** | **86.682** | **87.978** | **-1.297** | **-1,5%** | **81.258** | **5.424** | **6,7%** |
| Fasteignaskattar | 24.127 | 24.144 | -18 | -0,07% | 22.465 | 1.662 | 7,4% |
| **Skatttekjur samtals** | **110.808** | **112.123** | **-1.314** | **-1,2%** | **103.723** | **7.085** | **6,8%** |
| Endurgeiðslur annarra: | | | | | | | |
| Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar | 1.985 | 2.011 | -26 | -1,3% | 1.801 | 184 | 10,2% |
| Gr. frá ríkissjóði v. framfærslustyrks erl. ríkisb. | 1.285 | 903 | 382 | 42,3% | 1.086 | 199 | 18,4% |
| Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur | 675 | 713 | -38 | -5,3% | 792 | -117 | -14,8% |
| Gr. frá ríkissjóði v. móttöku flóttafólks | 282 | 334 | -52 | -15,6% | 165 | 117 | 70,4% |
| Gr. v. Klettaskóla og frístundar Klettaskóla | 891 | 678 | 213 | 31,4% | 709 | 182 | 25,6% |
| Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn. | 228 | 90 | 138 | 152,8% | 219 | 9 | 3,9% |
| Gr. sveitarf. v. rekstur skíðasvæða höfuðb.sv. | 323 | 323 | 0 | 0,0% | 274 | 49 | 18,1% |
| Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum | 946 | 524 | 422 | 80,6% | 786 | 160 | 20,4% |
| Ýmsir styrkir | 366 | 190 | 177 | 93,2% | 353 | 14 | 3,8% |
| **Endurgeiðslur annarra samtals:** | **6.982** | **5.766** | **1.216** | **21,1%** | **6.186** | **796** | **12,9%** |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 11.400 | 11.469 | -69 | -0,6% | 9.125 | 2.275 | 24,9% |
| Þjónustutekjur | 10.547 | 9.925 | 622 | 6,3% | 9.390 | 1.157 | 12,3% |
| Eignatekjur | 2.121 | 1.931 | 189 | 9,8% | 540 | 1.580 | 292,6% |
| Aðrar tekjur | 1.507 | 1.232 | 276 | 22,4% | 2.401 | -894 | -37,2% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **143.366** | **142.446** | **920** | **0,6%** | **131.365** | **12.000** | **9,1%** |
| Laun og launatengd gjöld | -75.235 | -74.598 | -638 | 0,9% | -71.333 | -3.902 | 5,5% |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | -1.767 | -1.987 | 221 | -11,1% | -2.625 | 858 | -32,7% |
| **Launakostnaður samtals** | **-77.002** | **-76.585** | **-417** | **0,5%** | **-73.958** | **-3.044** | **4,1%** |
| Annar rekstrarkostnaður | -76.795 | -73.261 | -3.534 | 4,8% | -68.969 | -7.826 | 11,3% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **-153.796** | **-149.846** | **-3.950** | **2,6%** | **-142.927** | **-10.870** | **7,6%** |
| Fjármagnsliðir og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 5.585 | 5.445 | 140 | 2,6% | 7.593 | -2.008 | -26,4% |
| **EBITDA** | **-10.431** | **-7.400** | **-3.031** | **41,0%** | **-11.562** | **1.131** | **-9,8%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **-4.845** | **-1.955** | **-2.890** | **147,8%** | **-3.969** | **-877** | **22,1%** |

**Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 4.845 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 1.955 m.kr. og var niðurstaðan því um 2.890 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrartekjur** **Staðgreiðsla** var 2.763 m.kr. undir áætlun eða 2,8%. **Eftirá álagt útsvar, skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 1.566 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 1.216 m.kr. yfir áætlun eða 21,1% einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum. **Þjónustutekjur** voru 622 m.kr. yfir áætlun eða 6,3%. **Eignatekjur** voru 189 m.kr. yfir áætlun. **Aðrar tekjur** voru 276 m.kr. yfir áætlun.




**Rekstrargjöld** voru 153.796 m.kr. eða 3.950 m.kr. umfram fjárheimildir. **Launakostnaður** var 75.235 m.kr. eða 638 m.kr. umfram fjárheimildir. Mest frávik voru á skóla- og frístundasviði þar sem launakostnaður var 1.208 m.kr. umfram fjárheimildir og á velferðarsviði án bundinna liða þar sem hann var 739 m.kr. umfram fjárheimildir. **Breyting lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 1.767 m.kr. sem var 221 m.kr. innan fjárheimilda. Endurmat lífeyrisskuldbindingarinnar í tengslum við útkomuspá ársins 2024 bendir til að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar í árslok nemi 2,1 ma.kr. í stað 2,7 ma.kr. og gjaldfærslur næstu mánaða taka mið af því. Endurmatið byggir á endurskoðuðum forsendum um launavísitölu opinberra starfsmanna, vísitölu neysluverð og þróun á ávöxtunarkröfu HFF34-flokksins á markaði. Samanlagt hafa endurskoðaðar forsendur jákvæð áhrif á endurmatið. **Annar rekstrarkostnaður** var 76.795 m.kr. sem var 3.534 m.kr. eða 4,8% umfram fjárheimildir[1]. Hjá skóla- og frístundasviði var hráefniskostnaður í mötuneyti grunn- og leikskóla 374 m.kr. umfram fjárheimildir. Hjá velferðarsviði voru vistgreiðslur barna 1.152 m.kr. umfram fjárheimildir og búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk var 262 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur og umhirða borgarlandsins var 1.011 m.kr. umfram fjárheimildir aðallega vegna vetrarþjónustu sem var 853 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Nettó fjármunatekjur** voru 5.585 m.kr. eða 140 m.kr. yfir áætlun. Þar af voru vaxtatekjur og verðbætur 299 m.kr. yfir áætlun ásamt vaxtagjöldum og verðbótum sem voru 112 m.kr. yfir fjárheimildum. Fjármagnstekjuskattur var 45 m.kr. yfir áætlun. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 57 m.kr. yfir áætlun.

## Efnahagur

| Efnahagur Aðalsjóðs (m.kr.) | 30.9.2024 | 31.12.2023 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Langtímakröfur og eignahlutir í félögum | 20.832 | 19.664 | 1.168 | 5,9% |
| Fyrirframgr. til Brúar lsj. (langtíma krafa) | 7.804 | 8.093 | -289 | -3,6% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 23.448 | 22.849 | 599 | 2,6% |
| Handbært fé | 11.702 | 11.465 | 237 | 2,1% |
| Eignir samtals | 63.786 | 62.071 | 1.715 | 2,8% |
| Eigið fé | -27.741 | -22.895 | -4.845 | 21,2% |
| Lífeyrisskuldbinding LsRb | 39.159 | 38.745 | 414 | 1,1% |
| Langtímalán | 5.505 | 5.383 | 122 | 2,3% |
| Næsta árs afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindingar | 2.057 | 2.052 | 6 | 0,3% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 44.806 | 38.786 | 6.019 | 15,5% |
| Skuldir samtals | 91.527 | 84.966 | 6.561 | 7,7% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 63.786 | 62.071 | 1.715 | 2,8% |

[1] Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

## Sjóðstreymi




Handbært fé frá áramótum til loka september hækkaði um 237 m.kr. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 2.813 m.kr.

## 1.1 Menningar- og íþróttasvið




| Rekstur MÍR (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 2.361 | 2.131 | 231 | 10,8% |
| Laun og launat. gj. | 4.597 | 4.602 | -5 | -0,1% |
| Annar rekstrark. | 12.699 | 12.426 | 273 | 2,2% |
| **Nettó útgjöld** | **14.935** | **14.898** | **37** | **0,2%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og íþróttasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 14.935 m.kr.** sem var 37 m.kr. eða 0,2% umfram fjárheimildir.




### Þjónustuþættir MÍR

| Málaflokkar MÍR (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn MÍR | 0 | 0 | 0 | 251 | 261 | -9 | 60 | 56 | 4 | 311 | 317 | -6 | -1,7% |
| Kynningarmál, sérverkefni og annað | 9 | 10 | -1 | 48 | 33 | 15 | 117 | 163 | -46 | 156 | 185 | -29 | -15,7% |
| Menningarborg | 11 | 2 | 9 | 23 | 34 | -11 | 2.497 | 2.507 | -10 | 2.509 | 2.539 | -31 | -1,2% |
| Söfn | 399 | 365 | 33 | 1.333 | 1.325 | 8 | 1.229 | 1.192 | 38 | 2.164 | 2.152 | 12 | 0,6% |
| Íþróttaborg | 101 | 47 | 53 | 52 | 59 | -6 | 6.696 | 6.500 | 196 | 6.648 | 6.512 | 136 | 2,1% |
| Sundlaugar | 1.030 | 920 | 110 | 1.615 | 1.593 | 21 | 1.467 | 1.407 | 60 | 2.052 | 2.080 | -28 | -1,3% |
| Útilífsborg | 256 | 263 | -6 | 477 | 485 | -7 | 365 | 351 | 14 | 586 | 573 | 13 | 2,4% |
| Skíðasvæðin | 532 | 498 | 33 | 308 | 287 | 21 | 163 | 134 | 29 | -61 | -78 | 17 | -21,4% |
| Hitt húsið | 24 | 25 | -1 | 489 | 526 | -37 | 106 | 118 | -12 | 570 | 618 | -48 | -7,8% |
| **Samtals** | **2.361** | **2.131** | **231** | **4.597** | **4.602** | **-5** | **12.699** | **12.426** | **273** | **14.935** | **14.898** | **37** | **0,2%** |

**MÍR: Innri leiga** innan sviðsins er 24 m.kr. umfram fjárheimildir. **Verðbættir samningar** eru orðnir neikvæðir þar sem verðbólga er hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. **Frístundakortið** sem er skilgreint sem bundin liður var 99 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Yfirstjórn:** var 6 m.kr. innan fjárheimilda en laun voru 9 m.kr. innan fjárheimilda. Skýrist það af stöðugildum á skrifstofunni sem ekki hefur verið ráðið í.

**Kynningarmál, sérverkefni og annað:** voru um 29 m.kr. innan fjárheimilda. Kostnaður sem gert er ráð fyrir á þessum lið mun aðallega falla á seinni hluta árs.

**Menningarborg:** var 31 m.kr. innan fjárheimilda, skýrist það meðal annars af því að ekki hafa verið bættar greiðslur til Sinfóníuhljómsveitarinnar og einnig er hluti styrkja ógreiddir miðað við það sem gert var ráð fyrir í áætlun fyrstu 9 mánuði ársins.

**Söfn:** voru samtals 12 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af var Borgarbókasafn um 22 m.kr. innan fjárheimilda, Borgarsögusafn rúmar 24 m.kr. umfram fjárheimildir og Listasafnið rúmar 11 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Íþróttaborg:** var 136 m.kr. umfram áætlun en þar af er frístundakortið 99 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur gervigrasvalla var 37 m.kr. umfram fjárheimildir en umframkostnaður ætti að minnka þegar líður á árið. Þá voru húsaleigu- og æfingarstyrkir 17 m.kr. umfram fjárheimildir fyrstu 9 mánuði ársins.

**Sundlaugar**: voru 28 m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur voru 110 m.kr. umfram áætlun, laun voru 21 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostaður var 60 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Útilífsborg:** var 13 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af var Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn 17 m.kr. umfram fjárheimildir, það má gera ráð fyrir að rekstur seinni hluta ársins verði erfiður. Dýraþjónustan var 4,2 m.kr. innan fjárheimilda, en þar komu meindýravarnir inn um áramótin s.l.

**Skíðasvæði**: voru rúmar 17 m.kr. umfram fjárheimildir. Mikil aðsókn var að skíðasvæðunum árið 2024 og tekjur voru góðar. Var þetta fyrsta árið þar sem að nýjar lyftur og snjóframleiðsala var kominn í gang. Þá var launakostnaður einnig umfram fjárheimildir þar sem opnun var meiri en gert var ráð fyrir.

**Hitt húsið:** Hitt húsið var rúmum 48 m.kr. innan fjárheimilda. Atvinnumál skólafólks voru 2 m.kr. umfram fjárheimildir. Frísund fatlaðra var 28 m.kr. innan fjárheimilda og Hitt húsið var 22 m.kr. innan fjárheimilda.

# 1.2 Skóla- og frístundasvið




| Rekstur SFS (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 4.442 | 3.826 | 615 | 16,1% |
| Laun og launat. gj. | 39.622 | 38.413 | 1.208 | 3,1% |
| Annar rekstark. | 22.768 | 21.320 | 1.449 | 6,8% |
| **Nettó útgjöld** | **57.948** | **55.907** | **2.041** | **3,7%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 57.948 m.kr.** sem var 2.041 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,7% en til samanburðar var halli sviðsins um 2.818 m.kr. eða 5,5% skv. uppgjöri janúar til september 2023. Þetta eru greinileg jákvæð teikn í rekstri sviðsins og áfram verður lögð áhersla á aðhald í rekstri og að stöðugildafjöldi á starfsstöðum sé í samræmi við þau líkön sem notuð eru til úthlutunar fjárheimilda.




Tekjur voru 16,1% umfram áætlun sem er m.a. vegna styrkja og tekna vegna hælisleitenda kr. 336 m.kr. og tekjum umfram áætlun vegna þjónustu við önnur sveitarfélög 426 m.kr. Þessi aukna þjónusta kemur fram í viðbótar launakostnaði sviðsins.

Laun voru 3,1% umfram áætlun sem kemur til vegna meiri afleysinga vegna veikinda og aukins stuðnings. Einnig má skýra hluta umframkeyrslu launa með aukinni þjónustu við hælisleitendur og þjónustu við önnur sveitarfélög.

Fjármáladeild SFS heldur reglulega fundi með stjórnendum starfsstaða til að leggja mat á fjárhagslega stöðu og koma með tillögur til úrbóta. Vel er fylgst með rekstrinum og kemur það fram í minnkun á rekstrarhalla sviðsins milli ára.

Til að takast á við rekstrarhalla SFS þá hafa verið haldnir fundir með stjórnendum starfsstaða til að fara yfir stöðuna og hvaða aðgerðir sé hægt að fara í á hverjum og einum stað.

Mikið aðhald er í starfsmannahaldi þar sem allar ráðningar starfsmanna fara nú fyrir ráðninganefnd þar sem leggja þarf fram rök fyrir hverri ráðningu. Leikskólar borgarinnar hafa nær allir verið í halla þar sem fjárheimildir þeirra hafa ekki verði í samræmi við fjárþörf. Unnið hefur verið að nýju rekstrarlíkani á síðustu misserum til að fjárheimildir þeirra verði betur í takt við raunverulega þörf. Gert er ráð fyrir að nýtt rekstrarlíkan fyrir leikskóla verði innleitt í byrjun árs 2025.

Á haustönn 2024 var byrjað að veita skólabörnum í grunnskólum gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Vegna september hefur ekki verið afgreiddur viðauki í borgarráði til að mæta tekjutapi og auknum kostnaði grunnskóla.

| SFS - sviðshlutar | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | % | |
| Grunnskólar | 2.210 | 1.741 | 469 | 21.617 | 21.530 | 86 | 13.033 | 12.072 | 961 | **32.439** | **31.861** | **578** | **1,8%** | **Halli** |
| Leikskólar | 1.429 | 1.355 | 73 | 13.178 | 11.731 | 1.447 | 7.280 | 6.934 | 346 | **19.030** | **17.311** | **1.719** | **9,9%** | **Halli** |
| Frístundastarf | 725 | 686 | 39 | 3.606 | 3.884 | -278 | 725 | 616 | 109 | **3.607** | **3.814** | **-207** | **-5,4%** | **Afgangur** |
| Skrifstofur SFS | 64 | 31 | 33 | 909 | 953 | -45 | 344 | 286 | 57 | **1.188** | **1.208** | **-20** | **-1,7%** | **Afgangur** |
| Listaskólar ofl. | 15 | 13 | 2 | 312 | 314 | -2 | 1.386 | 1.411 | -25 | **1.684** | **1.713** | **-29** | **-1,7%** | **Afgangur** |
| **Samtals** | **4.442** | **3.826** | **615** | **39.622** | **38.413** | 1.208 | **22.768** | **21.320** | **1.449** | **57.948** | **55.907** | **2.041** | **3,7%** | **Halli** |

Þegar horft er á rekstur SFS eftir sviðshlutum sést að halli var upp á samtals 2.041 m.kr. halli á rekstri grunn- og leikskóla var 2.297 m.kr. en rekstur annarra liða var samtals 256 m.kr. innan fjárheimilda.

## Grunnskólahluti

| Grunnskólar | Tekjur Raun (m.kr.) | Tekjur Áætlun (m.kr.) | Tekjur Frávik (m.kr.) | Laun Raun (m.kr.) | Laun Áætlun (m.kr.) | Laun Frávik (m.kr.) | Annar kostnaður Raun (m.kr.) | Annar kostnaður Áætlun (m.kr.) | Annar kostnaður Frávik (m.kr.) | Samtals Raun (m.kr.) | Samtals Áætlun (m.kr.) | Samtals Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskólar samreknir | 222 | 218 | 4 | 3.218 | 3.138 | 80 | 1.713 | 1.628 | 85 | **4.709** | **4.548** | **160** | **3,5%** | **Halli** |
| Grunnskólar | 1.016 | 820 | 196 | 16.246 | 16.362 | -116 | 8.082 | 7.719 | 363 | **23.311** | **23.261** | **50** | **0,2%** | **Halli** |
| Sérskólar | 678 | 548 | 130 | 1.625 | 1.433 | 192 | 584 | 542 | 42 | **1.532** | **1.427** | **105** | **7,3%** | **Halli** |
| **Samtals borgarreknir:** | **1.916** | **1.586** | **330** | **21.089** | **20.933** | **156** | **10.379** | **9.889** | **489** | **29.552** | **29.237** | **315** | **1,1%** | **Halli** |
| Miðlægt og endurúthlutun | 294 | 155 | 139 | 468 | 597 | -129 | 1.198 | 937 | 261 | **1.372** | **1.380** | **-7** | **-0,5%** | **Afgangur** |
| Óreglulegir liðir grunnskóla | | | | 59 | | 59 | 83 | | 83 | **142** | | **142** | **100,0%** | **Halli** |
| Einkaskólar | | | | | | | 1.373 | 1.245 | 128 | **1.373** | **1.245** | **128** | **10,3%** | **Halli** |
| **Samtals borgar. og einkar** | **2.210** | **1.741** | **469** | **21.617** | **21.530** | **86** | **13.033** | **12.072** | **961** | **32.439** | **31.861** | **578** | **1,8%** | **Halli** |

### Grunnskólar borgarinnar




Rekstur grunnskóla borgarinnar, án sérskóla, var umfram fjárheimildir að fjárhæð 210 m.kr. eða 0,8%. Í heild er rekstur almennra grunnskóla í jafnvægi, það eru þó skólar sem eru í verulegum halla. Hluti samrekinna skóla er í verulegum halla.

Þungt vegur halli þeirra skóla sem standa í framkvæmdum vegna viðhalds og endurbóta en það hefur raskað skólastarfi töluvert og valdið auknum launakostnaði vegna þess óhagræðis sem fylgir fleiri starfsstöðvum. Fleiri starfsstöðvar skólanna leiða auk þess til hækkunar á rekstrarliðum s.s. skólaakstri og mötuneytiskostnaði.

Launaliður grunnskólahlutans var með halla upp á 86 m. kr. en hluti viðbótarlaunakostnaði skýrist af auknum kostnaði í tengslum við móttöku flóttamanna. Á móti koma sértekjur kr. 281 m.kr. skv. samningi Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar vegna hælisleitenda og samninga milli Reykjavíkurborgar og ríkis.

Afleysing vegna langtímaveikinda í grunnskólum og sérskólum voru um 327 m.kr. Skammtímaveikindi starfsmanna kalla á afleysingu til að geta haldið uppi lögbundnu skólastarfi og hefur sá kostnaður verið langt umfram þau 3,5% sem gert er ráð fyrir í fjárheimildum. Heildarveikindahlutfall hjá grunnskólum var um 7,1% á tímabilinu.

| Annar rekstrarkostnaður grunnskóla | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda** | | | | |
| Innri leiga húsnæðis | 7.219 | 7.170 | 49 | 0,7% |
| Rafmagn, hiti og vatn | 326 | 295 | 31 | 10,6% |
| Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla | 303 | 248 | 55 | 22,1% |
| Einkareknir skólar | 1.417 | 1.316 | 101 | 7,7% |
| Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga | 320 | 126 | 195 | 154,8% |
| **Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda** | **9.586** | **9.155** | **431** | **4,7%** |
| **Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda** | | | | |
| Hráefni í mötuneyti | 1.019 | 768 | 251 | 32,7% |
| Kennsluefni | 153 | 162 | -9 | -5,5% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur | 531 | 417 | 114 | 27,5% |
| Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna | 368 | 343 | 25 | 7,4% |
| Húsaleiga | 268 | 222 | 46 | 20,6% |
| Aðkeypt vinna | 142 | 84 | 58 | 69,4% |
| Innri leiga búnaðar | 612 | 582 | 31 | 5,3% |
| Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður | 353 | 340 | 13 | 3,8% |
| **Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda** | **3.447** | **2.917** | **530** | **18,2%** |
| **Samtals annar rekstrarkostnaður** | **13.033** | **12.072** | **961** | **8,0%** |

Öðrum rekstrarkostnaði grunnskóla er skipt upp í tvo megin hluta. Kostnað sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að og kostnað sem stjórnendur geta haft áhrif á í daglegum rekstri.

Í þeim hluta annars rekstrarkostnaðar, sem stjórnendur hafa áhrif á, eru þrír liðir sem vega þyngst en það eru hráefniskostnaður í mötuneytum, skólaakstur og aðkeypt vinna. Hráefni í mötuneytum hefur tekið miklum hækkunum vegna áhrifa verðbólgu, skólaakstur hefur aukist vegna gjaldskrárhækkana og aukinna innvistarverkefna og aðkeypt vinna hefur hækkað vegna aukinnar

túlkaþjónustu vegna móttöku flóttamanna. Aðrir rekstrarliðir hafa einnig hækkað umfram áætlun þar sem verðbólguáhrif eru meiri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir.

Óreglulegir liðir í rekstri grunnskóla (óhagstæð ytri skilyrði og innvistarvandi) hafa verið færðir sérstaklega og námu um 142 m.kr. en þetta er kostnaður sem fallið hefur til vegna framkvæmda. Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í líkönum og er því ekki almennur kostnaður við skólastarf.

**Sérskólar:**

Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi sem þjónar öllu landinu. Á tímabilinu var halli á rekstri skólans um 137 m.kr. Skólagöngu nemenda sem búsettir eru utan Reykjavíkur fjármagna heimasveitarfélög nemendanna. Rekstur skólans hefur verið í miklum halla síðustu ár þar sem þjónustuþyngd barna hefur aukist mikið. Afleysingar vegna veikinda vega þungt í rekstri skólans en veikindahlutfall var um 8,8%. Um 45% nemenda í Klettaskóla eru börn úr öðrum sveitarfélögum og er greiðsluþátttaka sveitarfélaganna byggð á raunkostnaði.

Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði með það markmið að efla nemendur og styðja við þá svo þeir verði hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Rekstur skólans var innan fjárheimilda að fjárhæð 32 m.kr.

Arnarskóli er sjálfstætt starfandi sérskóli þar hefur borgin verið með 13 börn. Greiðslur til skólans voru um 20,3 m.kr. umfram fjárheimildir, sem kemur til vegna hækkunar á vistunargjöldum.

**Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu grunnskóla borgarinnar:** Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2024 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

| Borgarreknir grunnskólar (m.kr.) | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnun | Tekjur raun | Tekjur áætlun | Tekjur frávik | Laun raun | Laun áætlun | Laun frávik | Kostnaður raun | Kostnaður áætlun | Kostnaður frávik | Samtals rekstur | Samtals áætlun | Samtals frávik | Frávik % |
| **Samreknir skólar** | | | | | | | | | | | | | |
| Dalskóli | 70 | 81 | 11 | 1.031 | 910 | 121 | 647 | 640 | 7 | 1.608 | 1.469 | 139 | 9,5% |
| Ártúnsskóli | 36 | 33 | -3 | 392 | 366 | 26 | 151 | 136 | 15 | 507 | 469 | 39 | 8,2% |
| Norðlingaskóli | 58 | 64 | 6 | 753 | 772 | -19 | 467 | 423 | 43 | 1.161 | 1.132 | 30 | 2,6% |
| Klébergsskóli | 27 | 19 | -8 | 364 | 358 | 7 | 171 | 160 | 12 | 508 | 498 | 10 | 2,0% |
| Fellaskóli | 31 | 20 | -11 | 678 | 732 | -54 | 277 | 270 | 8 | 924 | 981 | -57 | -5,8% |
| **Samreknir samtals** | **222** | **218** | **-4** | **3.218** | **3.138** | **80** | **1.713** | **1.628** | **85** | **4.709** | **4.548** | **160** | **3,5%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **Grunnskólar** | | | | | | | | | | | | | |
| Melaskóli | 30 | 39 | 9 | 598 | 567 | 31 | 238 | 227 | 11 | 806 | 755 | 51 | 6,8% |
| Laugalækjarskóli | 18 | 21 | 3 | 465 | 463 | 2 | 243 | 211 | 32 | 690 | 653 | 37 | 5,7% |
| Fossvogsskóli | 19 | 22 | 2 | 423 | 415 | 8 | 258 | 233 | 25 | 662 | 627 | 35 | 5,7% |
| Foldaskóli | 29 | 29 | 0 | 650 | 631 | 19 | 297 | 268 | 30 | 918 | 869 | 49 | 5,6% |
| Grandaskóli | 22 | 27 | 5 | 416 | 399 | 17 | 207 | 202 | 6 | 601 | 574 | 28 | 4,9% |
| Laugarnesskóli | 32 | 38 | 6 | 648 | 642 | 6 | 299 | 278 | 21 | 915 | 882 | 33 | 3,8% |
| Vesturbæjarskóli | 17 | 20 | 3 | 385 | 375 | 11 | 276 | 267 | 9 | 644 | 621 | 23 | 3,7% |
| Hlíðaskóli | 65 | 36 | -30 | 831 | 824 | 7 | 360 | 309 | 52 | 1.126 | 1.097 | 29 | 2,6% |
| Austurbæjarskóli | 26 | 28 | 1 | 545 | 521 | 24 | 261 | 268 | -7 | 780 | 762 | 18 | 2,4% |
| Selásskóli | 11 | 13 | 2 | 278 | 274 | 5 | 181 | 178 | 3 | 448 | 439 | 9 | 2,1% |
| Breiðholtsskóli | 20 | 21 | 1 | 606 | 598 | 7 | 298 | 291 | 7 | 883 | 868 | 15 | 1,7% |
| Vogaskóli | 31 | 22 | -9 | 561 | 550 | 10 | 281 | 269 | 12 | 811 | 797 | 14 | 1,7% |
| Ingunnarskóli | 33 | 25 | -8 | 469 | 469 | 0 | 243 | 229 | 14 | 680 | 674 | 6 | 0,9% |
| Háteigsskóli | 32 | 33 | 2 | 571 | 587 | -15 | 220 | 201 | 20 | 760 | 754 | 6 | 0,8% |
| Engjaskóli | 20 | 17 | -3 | 337 | 327 | 10 | 197 | 200 | -4 | 514 | 511 | 4 | 0,7% |
| Hagaskóli | 32 | 28 | -3 | 602 | 614 | -12 | 287 | 266 | 21 | 858 | 853 | 5 | 0,6% |
| Víkurskóli | 21 | 14 | -7 | 291 | 308 | -18 | 190 | 164 | 26 | 460 | 459 | 1 | 0,2% |
| Húsaskóli | 12 | 12 | 0 | 234 | 232 | 2 | 168 | 171 | -2 | 391 | 391 | 0 | 0,0% |
| Ölduselsskóli | 29 | 32 | 3 | 603 | 602 | 1 | 329 | 334 | -5 | 903 | 904 | -1 | -0,1% |
| Borgaskóli | 14 | 17 | 3 | 324 | 318 | 5 | 188 | 198 | -10 | 498 | 500 | -2 | -0,3% |
| Seljaskóli | 130 | 40 | -90 | 830 | 764 | 65 | 285 | 263 | 22 | 985 | 988 | -3 | -0,3% |
| Rimaskóli | 29 | 29 | 0 | 635 | 656 | -21 | 296 | 289 | 7 | 902 | 916 | -14 | -1,5% |
| Breiðagerðisskóli | 24 | 24 | 0 | 439 | 456 | -17 | 239 | 231 | 7 | 653 | 663 | -10 | -1,5% |
| Sæmundarskóli | 25 | 29 | 4 | 515 | 540 | -25 | 333 | 327 | 5 | 822 | 838 | -16 | -1,9% |
| Hólabrekkuskóli | 29 | 27 | -2 | 589 | 622 | -32 | 298 | 288 | 10 | 858 | 882 | -25 | -2,8% |
| Árbæjarskóli | 47 | 40 | -7 | 784 | 822 | -37 | 353 | 347 | 6 | 1.091 | 1.129 | -38 | -3,4% |
| Hvassaleitisskóli | 62 | 33 | -29 | 386 | 389 | -3 | 193 | 179 | 14 | 516 | 535 | -19 | -3,5% |
| Álftamýrarskóli | 59 | 23 | -36 | 525 | 532 | -7 | 243 | 227 | 16 | 709 | 735 | -26 | -3,6% |
| Réttarholtsskóli | 23 | 24 | 1 | 528 | 580 | -52 | 242 | 227 | 14 | 747 | 784 | -37 | -4,7% |
| Langholtsskóli | 40 | 44 | 5 | 817 | 882 | -66 | 376 | 376 | 0 | 1.153 | 1.214 | -61 | -5,0% |
| Hamraskóli | 35 | 14 | -21 | 360 | 403 | -43 | 202 | 200 | 2 | 528 | 589 | -62 | -10,5% |
| **Grunnskólar samtals** | **1.016** | **820** | **-196** | **16.246** | **16.362** | **-116** | **8.082** | **7.719** | **363** | **23.311** | **23.261** | **50** | **0,2%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **Sérskólar** | | | | | | | | | | | | | |
| Klettaskóli | 676 | 547 | -130 | 1.271 | 1.037 | 234 | 485 | 452 | 32 | 1.080 | 943 | 137 | 14,5% |
| Brúarskóli | 1 | 1 | 0 | 354 | 396 | -42 | 100 | 90 | 10 | 452 | 485 | -32 | -6,6% |
| **Sérskólar samtals** | **678** | **548** | **-130** | **1.625** | **1.433** | **192** | **584** | **542** | **42** | **1.532** | **1.427** | **105** | **7,3%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals | 1.916 | 1.586 | -330 | 21.089 | 20.933 | 156 | 10.379 | 9.889 | 489 | 29.552 | 29.237 | 315 | 1,1% |

## Leikskólahluti

| Leikskólar | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
| Leikskólar | 1.255 | 1.256 | -1 | 12.859 | 11.305 | 1.553 | 3.756 | 3.596 | 160 | **15.360** | **13.646** | **1.714** | **12,6%** | **Halli** |
| Óreglulegir liðir leikskóla | -6 | | -6 | 10 | | 10 | 21 | | 21 | **37** | | **37** | **100%** | **Halli** |
| Miðlægt og endurúthlutun | 173 | 99 | 74 | 320 | 426 | -106 | 277 | 74 | 202 | **423** | **401** | **22** | **5,5%** | **Halli** |
| **Samtals borgarreknir** | **1.429** | **1.355** | **73** | **13.178** | **11.731** | **1.447** | **4.033** | **3.671** | **362** | **15.783** | **14.047** | **1.736** | **12,4%** | **Halli** |
| Einkaskólar | | | | | | | 2.883 | 2.883 | | **2.883** | **2.883** | | **0,0%** | **Halli** |
| Dagforeldrar | | | | | | | 364 | 381 | -17 | **364** | **381** | **-17** | **-4,3%** | **Afgangur** |
| **Samtals einkaskólar og dagf.** | | | | | | | **3.247** | **3.264** | **-17** | **3.247** | **3.264** | **-17** | **-0,5%** | **Afgangur** |
| **Samtals** | **1.429** | **1.355** | **73** | **13.178** | **11.731** | **1.447** | **7.280** | **6.934** | **346** | **19.030** | **17.311** | **1.719** | **9,9%** | **Halli** |

Rekstrarniðurstaða leikskóla borgarinnar eins og hún birtist í uppgjöri sýnir hallarekstur sem nemur 12,4% að fjárhæð 1.736 m.kr. á árinu en til lækkunar koma 1.480 m.kr. sem tekið hefur verið frá fyrir á sameiginlegum kostnaði vegna nýs leikskólalíkans. Nokkrir af þessum leikskólum eru nýir og hafa ekki verið með fulla fjármögnun í tengslum við stofnun leikskólanna. Nýjum leikskólum fylgir töluverður stofnkostnaður í búnaði, undirbúningi og þjálfun starfsmanna. Afleysing vegna langtímaveikinda farið fram úr fjárheimildum og er umframkeyrslan 155 m.kr. Heildarveikindahlutfall leikskóla er um 8,7%. Að auki hefur aukin stuðningsþörf farið fram úr fjárheimildum sem nemur 544 m.kr. Framkvæmdir vegna viðgerða og viðhalds vegna rakaskemmda hefur haft töluverð áhrif á rekstur leikskóla og valdið ófyrirséðum kostnaði.




| Annar rekstrarkostnaður leikskóla | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda** | | | | |
| Innri leiga húsnæðis | 1.899 | 1.903 | -4 | -0,2% |
| Rafmagn, hiti og vatn | 88 | 80 | 8 | 10,3% |
| Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla | 353 | 360 | -7 | -2,0% |
| Einkareknir skólar | 3.002 | 2.980 | 22 | 0,7% |
| Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga | 386 | 275 | 111 | 40,5% |
| **Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda** | **5.730** | **5.599** | **130** | **2,3%** |
| **Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda** | | | | |
| Hráefni í mötuneyti | 1.016 | 893 | 123 | 13,8% |
| Kennsluefni | 40 | 55 | -15 | -27,3% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur | 5 | 10 | -6 | -53,0% |
| Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna | 125 | 56 | 69 | 123,6% |
| Húsaleiga | 22 | | 22 | |
| Aðkeypt vinna | 32 | 6 | 26 | 446,5% |
| Innri leiga búnaðar | 195 | 185 | 10 | 0,0% |
| Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður | 116 | 130 | -14 | -10,5% |
| **Samtals ýmis kostnaður** | **1.551** | **1.335** | **215** | **16,1%** |
| **Samtals annar rekstrarkostnaður** | **7.280** | **6.934** | **346** | **5,0%** |

**Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu leikskóla borgarinnar** Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2024 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

| Borgarreknir leikskólar (m.kr.) | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnun | Tekjur raun | Tekjur áætlun | Tekjur frávik | Laun raun | Laun áætlun | Laun frávik | Kostn raun | Kostn áætlun | Kostnaður frávik | Samtals raun | Samtals áætlun | Samtals frávik | Frávik % |
| Laugasól | 21 | 22 | -1 | 284 | 199 | 85 | 91 | 75 | 16 | 354 | 253 | 101 | 40,1% |
| Árborg | 11 | 12 | -1 | 134 | 105 | 29 | 26 | 18 | 8 | 149 | 111 | 38 | 34,4% |
| Sólborg | 15 | 16 | -1 | 265 | 194 | 71 | 51 | 45 | 5 | 300 | 224 | 77 | 34,4% |
| Gullborg | 22 | 19 | 3 | 232 | 165 | 67 | 55 | 55 | 0 | 266 | 201 | 65 | 32,5% |
| Álftaborg | 18 | 20 | -2 | 221 | 177 | 43 | 60 | 48 | 12 | 262 | 206 | 56 | 27,4% |
| Fífuborg | 14 | 14 | 0 | 162 | 126 | 36 | 42 | 39 | 4 | 191 | 151 | 39 | 25,9% |
| Ösp | 25 | 11 | 14 | 150 | 116 | 34 | 35 | 25 | 10 | 161 | 131 | 30 | 22,9% |
| Steinahlíð | 13 | 12 | 1 | 132 | 104 | 28 | 49 | 46 | 3 | 167 | 137 | 30 | 21,8% |
| Drafnarsteinn | 31 | 24 | 8 | 241 | 195 | 46 | 59 | 52 | 7 | 269 | 223 | 45 | 20,3% |
| Stakkaborg | 15 | 16 | 0 | 175 | 143 | 32 | 46 | 44 | 2 | 206 | 171 | 34 | 20,0% |
| Suðurborg | 24 | 25 | -1 | 278 | 236 | 42 | 69 | 58 | 11 | 322 | 269 | 53 | 19,9% |
| Hólaborg | 11 | 11 | 0 | 128 | 109 | 19 | 32 | 27 | 5 | 149 | 126 | 24 | 18,9% |
| Grænaborg | 16 | 17 | -1 | 196 | 161 | 35 | 44 | 45 | -1 | 223 | 188 | 35 | 18,5% |
| Bríetartún | 22 | 22 | 1 | 239 | 199 | 40 | 107 | 97 | 11 | 324 | 274 | 49 | 18,0% |
| Klettaborg | 17 | 17 | 0 | 189 | 155 | 34 | 44 | 46 | -2 | 216 | 184 | 32 | 17,6% |
| Múlaborg | 29 | 31 | -2 | 352 | 289 | 63 | 108 | 109 | -1 | 431 | 367 | 64 | 17,6% |
| Tjörn | 16 | 18 | -2 | 186 | 158 | 29 | 41 | 40 | 1 | 211 | 179 | 32 | 17,6% |
| Nauthólsvegur | 20 | 17 | 2 | 189 | 151 | 38 | 118 | 111 | 7 | 287 | 245 | 43 | 17,4% |
| Klambrar | 16 | 19 | -3 | 189 | 169 | 20 | 48 | 40 | 8 | 220 | 189 | 31 | 16,6% |
| Borg | 25 | 28 | -2 | 267 | 235 | 32 | 80 | 70 | 11 | 322 | 277 | 45 | 16,4% |
| Sunnuás | 29 | 24 | 4 | 273 | 236 | 37 | 87 | 73 | 14 | 331 | 285 | 46 | 16,2% |
| Langholt | 40 | 40 | 0 | 374 | 325 | 49 | 109 | 97 | 11 | 443 | 382 | 61 | 15,9% |
| Lyngheimar | 18 | 19 | -1 | 184 | 149 | 35 | 59 | 65 | -6 | 226 | 195 | 31 | 15,8% |
| Geislabaugur | 24 | 24 | 0 | 265 | 242 | 23 | 69 | 54 | 15 | 310 | 271 | 38 | 14,1% |
| Hagaborg | 23 | 24 | -2 | 231 | 204 | 27 | 81 | 75 | 7 | 290 | 254 | 36 | 14,0% |
| Miðborg | 20 | 20 | 0 | 238 | 201 | 37 | 40 | 46 | -6 | 258 | 227 | 31 | 13,8% |
| Holt | 23 | 21 | 2 | 219 | 193 | 26 | 57 | 51 | 6 | 253 | 223 | 29 | 13,2% |
| Ægisborg | 17 | 18 | -1 | 173 | 158 | 15 | 45 | 38 | 7 | 201 | 179 | 23 | 12,8% |
| Nóaborg | 19 | 17 | 2 | 173 | 153 | 20 | 46 | 42 | 4 | 201 | 178 | 23 | 12,8% |
| Bakkaborg | 23 | 24 | -1 | 277 | 248 | 29 | 68 | 62 | 6 | 321 | 286 | 36 | 12,6% |
| Vogabyggð | 15 | 15 | 0 | 163 | 138 | 25 | 104 | 102 | 2 | 252 | 225 | 27 | 12,0% |
| Hulduheimar | 17 | 16 | 1 | 181 | 161 | 20 | 45 | 41 | 3 | 208 | 186 | 22 | 11,9% |
| Brákarborg | 22 | 24 | -2 | 244 | 210 | 34 | 153 | 150 | 3 | 375 | 335 | 40 | 11,8% |
| Austurborg | 21 | 23 | -2 | 204 | 191 | 13 | 55 | 45 | 10 | 238 | 213 | 25 | 11,7% |
| Bjartahlíð | 30 | 27 | 3 | 267 | 239 | 28 | 71 | 65 | 6 | 308 | 277 | 31 | 11,4% |
| Garðaborg | 7 | 9 | -2 | 105 | 98 | 7 | 33 | 29 | 4 | 131 | 117 | 13 | 11,1% |
| Maríuborg | 21 | 21 | 0 | 195 | 170 | 24 | 38 | 43 | -5 | 212 | 192 | 20 | 10,4% |
| Jörfi | 30 | 22 | 8 | 183 | 166 | 17 | 56 | 45 | 10 | 209 | 189 | 20 | 10,4% |
| Kvistaborg | 14 | 13 | 1 | 140 | 127 | 13 | 44 | 41 | 4 | 171 | 155 | 16 | 10,3% |
| Sæborg | 16 | 18 | -2 | 162 | 149 | 12 | 41 | 39 | 2 | 187 | 170 | 17 | 10,0% |
| Heiðarborg | 15 | 17 | -2 | 167 | 150 | 18 | 48 | 50 | -2 | 200 | 182 | 18 | 9,6% |
| Furuskógur | 24 | 25 | -1 | 236 | 222 | 15 | 90 | 79 | 11 | 302 | 276 | 26 | 9,6% |
| Sunnufold | 26 | 24 | 2 | 237 | 211 | 26 | 64 | 65 | -1 | 275 | 251 | 24 | 9,5% |
| Eggertsgata | 18 | 20 | -3 | 199 | 178 | 21 | 82 | 84 | -2 | 263 | 242 | 22 | 8,9% |
| Hof | 26 | 27 | 0 | 259 | 239 | 21 | 54 | 52 | 2 | 287 | 264 | 23 | 8,6% |
| Vesturborg | 11 | 12 | -1 | 116 | 104 | 12 | 31 | 33 | -2 | 135 | 125 | 10 | 8,3% |
| Hálsaskógur | 23 | 26 | -3 | 266 | 245 | 21 | 57 | 59 | -2 | 300 | 278 | 22 | 8,1% |
| Seljakot | 19 | 20 | 0 | 183 | 168 | 16 | 65 | 65 | 1 | 230 | 213 | 17 | 7,8% |
| Rauðhóll | 42 | 45 | -3 | 465 | 415 | 51 | 112 | 128 | -15 | 535 | 497 | 38 | 7,6% |
| Blásalir | 17 | 16 | 1 | 147 | 140 | 7 | 46 | 42 | 5 | 176 | 166 | 10 | 6,3% |
| Rofaborg | 21 | 23 | -2 | 217 | 195 | 23 | 53 | 65 | -11 | 249 | 236 | 13 | 5,6% |
| Laufskálar | 19 | 20 | 0 | 197 | 176 | 21 | 34 | 44 | -10 | 211 | 200 | 11 | 5,6% |
| Rauðaborg | 13 | 14 | -1 | 127 | 121 | 6 | 27 | 26 | 1 | 141 | 134 | 7 | 5,3% |
| Vinagerði | 15 | 14 | 1 | 125 | 119 | 6 | 49 | 47 | 1 | 158 | 152 | 7 | 4,3% |
| Reynisholt | 19 | 19 | 0 | 200 | 189 | 11 | 45 | 48 | -4 | 226 | 218 | 8 | 3,5% |
| Engjaborg | 16 | 16 | 0 | 155 | 158 | -3 | 42 | 35 | 7 | 182 | 177 | 5 | 2,6% |
| Jöklaborg | 27 | 28 | -2 | 247 | 231 | 15 | 57 | 68 | -12 | 277 | 271 | 5 | 2,0% |
| Seljaborg | 11 | 11 | 0 | 102 | 97 | 5 | 35 | 38 | -3 | 125 | 124 | 1 | 1,1% |
| Funaborg | 23 | 14 | 9 | 133 | 126 | 7 | 47 | 44 | 3 | 157 | 156 | 0 | 0,3% |
| Brekkuborg | 14 | 18 | -4 | 151 | 148 | 3 | 31 | 38 | -7 | 168 | 168 | 0 | 0,1% |
| Hraunborg | 14 | 16 | -1 | 142 | 142 | 1 | 37 | 40 | -2 | 165 | 165 | 0 | -0,3% |
| Nes (Hamrar) | 20 | 20 | 0 | 168 | 165 | 2 | 50 | 58 | -8 | 198 | 203 | -5 | -2,5% |
| Grandaborg | 3 | 8 | -4 | 79 | 86 | -7 | 37 | 44 | -7 | 113 | 122 | -9 | -7,4% |
| Hlíð-að hluta í rekstri | 6 | 12 | -6 | 78 | 136 | -58 | 58 | 55 | 3 | 130 | 179 | -49 | -27,6% |
| | 1.255 | 1.256 | -1 | 12.859 | 11.305 | 1.553 | 3.756 | 3.596 | 160 | 15.360 | 13.646 | 1.714 | 12,6% |

## Frístunda- og félagsmiðstöðvastarf

| Frístundastarf | Tekjur Raun (m.kr.) | Tekjur Áætlun (m.kr.) | Tekjur Frávik (m.kr.) | Laun Raun (m.kr.) | Laun Áætlun (m.kr.) | Laun Frávik (m.kr.) | Annar kostnaður Raun (m.kr.) | Annar kostnaður Áætlun (m.kr.) | Annar kostnaður Frávik (m.kr.) | Samtals Raun (m.kr.) | Samtals Áætlun (m.kr.) | Samtals Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sértækar félagsmiðstöðvar | 11 | 23 | -12 | 198 | 355 | -156 | 42 | 35 | 7 | **230** | **366** | **-137** | **-37,3%** | **Afgangur** |
| Frístundamiðstöðvar | 704 | 665 | 39 | 3.408 | 3.478 | -69 | 568 | 520 | 49 | **3.272** | **3.332** | **-60** | **-1,8%** | **Afgangur** |
| Miðlægt og endurúthlutun | 9 | -2 | 12 | | 52 | -52 | 115 | 61 | 54 | **105** | **116** | **-10** | **-9,0%** | **Afgangur** |
| **Samtals** | **725** | **686** | **39** | **3.606** | **3.884** | **-278** | **725** | **616** | **109** | **3.607** | **3.814** | **-207** | **-5,4%** | **Afgangur** |

Frístunda- og félagsmiðstöðvastarf stendur vel fjárhagslega þegar litið er til ársins 2024. Tekjur voru 39 m.kr. undir áætlun. Launakostnaður var 7,2% innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður var 17,8% umfram fjárheimildir. Í heild var rekstur frístunda- og félagsmiðstöðvastarfs 207 m.kr. innan fjárheimilda eða 5,4%

## Skrifstofur SFS og miðlægir liðir

| Skrifstofur SFS | Tekjur Raun (m.kr.) | Tekjur Áætlun (m.kr.) | Tekjur Frávik (m.kr.) | Laun Raun (m.kr.) | Laun Áætlun (m.kr.) | Laun Frávik (m.kr.) | Annar kostnaður Raun (m.kr.) | Annar kostnaður Áætlun (m.kr.) | Annar kostnaður Frávik (m.kr.) | Samtals Raun (m.kr.) | Samtals Áætlun (m.kr.) | Samtals Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofur SFS | 59 | 31 | 28 | 905 | 930 | -24 | 201 | 172 | 29 | **1.047** | **1.070** | **-23** | **-2,2%** | **Afgangur** |
| Miðlægir liðir og styrkir | 5 | | 5 | | 24 | -23 | 142 | 111 | 31 | **137** | **135** | **3** | **2,0%** | **Halli** |
| Skóla og frístundaráð | | | | 3 | | 3 | 1 | 3 | -3 | **4** | **3** | **0,3** | **10,4%** | **Halli** |
| **Samtals** | **64** | **31** | **33** | **909** | **953** | **-45** | **344** | **286** | **57** | **1.188** | **1.208** | **-20** | **-1,7%** | **Afgangur** |

Skrifstofur SFS voru innan fjárheimilda 23 m.kr. eða 2,2%. Á liðum sem falla undir miðlæga liði og styrki eru útgjöld 2,0% umfram fjárheimildir eða 3 m.kr. Óverulegt frávik var hjá skóla- og frístundaráði eða 0,3 m.kr. Í heild var miðlæg skrifstofa innan fjárheimilda að fjárhæð 20 m.kr. eða 1,7%

## Listaskólar

| Listaskólar ofl. | Tekjur Raun (m.kr.) | Tekjur Áætlun (m.kr.) | Tekjur Frávik (m.kr.) | Laun Raun (m.kr.) | Laun Áætlun (m.kr.) | Laun Frávik (m.kr.) | Annar kostnaður Raun (m.kr.) | Annar kostnaður Áætlun (m.kr.) | Annar kostnaður Frávik (m.kr.) | Samtals Raun (m.kr.) | Samtals Áætlun (m.kr.) | Samtals Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skólahljóms. og Tónl. Kj. | 14 | 13 | 2 | 312 | 297 | 15 | 19 | 13 | 5 | **316** | **297** | **19** | **6,5%** | **Halli** |
| Tónlistarskólar | | | | | | | 1.231 | 1.222 | 10 | **1.231** | **1.222** | **10** | **0,8%** | **Halli** |
| Námsfl. Myndl. framhalds. | | | | | | | 132 | 138 | -6 | **132** | **138** | **-6** | **-4,4%** | **Afgangur** |
| Endurúthlutun ofl | | | | | 18 | -18 | 4 | 38 | -34 | **4** | **56** | **-52** | **-93%** | **Afgangur** |
| **Samtals** | **15** | **13** | **2** | **312** | **314** | **-2** | **1.386** | **1.411** | **-25** | **1.684** | **1.713** | **-29** | **-1,7%** | **Afgangur** |

Skólahljómsveitir voru með um 19 m.kr. halla eða 6,5% og tónlistarskólar með 10 m.kr. halla, 0,8%. Útgjöld fyrir kennslustundir sem Reykjavíkurborg kaupir voru 980 m.kr. vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik. Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gengum Jöfnunarsjóð voru útgjöld 251 m.kr.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Samtals var sviðið 2.041 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,7%.
- Leikskólahluti var með mestu framúrkeyrslu eða 1.736 m.kr. sem er 12,4% umfram heimildir. Að langstærstum hluta er um launagreiðslur að ræða sem voru 1.447 umfram fjárheimildir en til lækkunar koma 1.255 m.kr. sem vistaðar eru á sameiginlegum kostnaði sem ætlaðar eru nýju leikskólalíkani og 225 m.kr. vegna annars rekstrarkostnaðar, samtals 1.480 m.kr.
- Á tímabilinu nam halli borgarrekinna grunnskóla um 50 m.kr. Í heildina voru 18 með afgang en aðrir með halla. Jákvæð þróun hefur átt sér stað frá innleiðingu grunnskólalíkansins.
- Hráefniskostnaður mötuneyta og aðkeyptur matur var 374 m.kr. umfram fjárheimildir.

## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Rekstrarniðurstaða sviðsins felur í sér veruleg frávik frá samþykktum fjárheimildum eða 2.041 m.kr. En til lækkunar koma 1.480 m.kr. á sameiginlegum kostnaði sem ætlaðar eru nýju leikskólalíkani.
- Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Ætla má að það skýrist af ýmsum samverkandi þáttum s.s. áhrifum af styttingu vinnuvikunnar, fjölgun undirbúningstíma, auknum veikindum og fækkun barna í umsjón hvers starfsmanns. Fyrir liggur nýtt úthlutunarlíkan fyrir leikskóla borgarinnar sem samþykkt hefur verið að taka í notkun frá og með 1. janúar 2025.
- Á sama tíma og áhersla er á fjölgun leikskólaplássa til að takast á við biðlista, hefur borgin ítrekað þurft að taka leikskólahúsnæði úr rekstri vegna rakaskemmda sem hefur hægt á getu sviðsins til að ná niður biðlistum í samræmi við væntingar. Þá hefur ekki tekist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem jafnframt hefur leitt til þess að gildandi rekstrarleyfi eru ekki fullnýtt. Mikilvægt er að áætlun um uppbyggingu og fjölgun leikskólarýma taki mið af þeirri stöðu.

# 1.3 Umhverfis- og skipulagssvið




| Rekstur USKRK (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 5.371 | 4.337 | 1.034 | 23,8% |
| Laun og launat. gj. | 3.125 | 3.140 | -15 | -0,5% |
| Annar rekstrark. | 11.117 | 10.122 | 994 | 9,8% |
| **Nettó útgjöld** | **8.872** | **8.926** | **-54** | **-0,6%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs í Aðalsjóði fyrir tímabilið janúar - september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 8.872 m.kr.** eða 54 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða um 0,6%.




## Þjónustuþættir USK

| Málaflokkar USK (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sviðstjóri og miðlægar skrifstofur | 351 | 245 | 106 | 1.039 | 1.051 | -12 | 577 | 599 | -23 | **1.265** | **1.405** | **-141** | **-10,0%** |
| Skrifstofa skipulagsfulltrúa | 92 | 64 | 28 | 199 | 203 | -3 | 44 | 99 | -55 | **151** | **237** | **-85** | **-36,2%** |
| Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar | 1.586 | 1.095 | 491 | 363 | 395 | -32 | 487 | 451 | 37 | **-735** | **-249** | **-486** | **195,0%** |
| Skrifstofa byggingarfulltrúa | 100 | 117 | -17 | 217 | 214 | 3 | 9 | 24 | -14 | **126** | **121** | **6** | **4,6%** |
| Skrifstofa umhverfisgæða | 2.974 | 2.540 | 434 | 1.055 | 1.033 | 22 | 1.920 | 1.880 | 40 | **1** | **373** | **-372** | **-99,8%** |
| Skrifstofa heilbrigðiseftirlits | 107 | 142 | -34 | 252 | 245 | 7 | 30 | 22 | 8 | **174** | **125** | **50** | **39,8%** |
| Framkvæmdir og viðhald mannvirkja | 61 | 53 | 8 | 0 | 0 | 0 | 1.054 | 1.083 | -28 | **994** | **1.030** | **-36** | **-3,5%** |
| Rekstur og umhirða borgarlandsins | 100 | 81 | 19 | 0 | 0 | 0 | 6.995 | 5.965 | 1.030 | **6.895** | **5.884** | **1.011** | **17,2%** |
| **Samtals** | **5.371** | **4.337** | **1.034** | **3.125** | **3.140** | **-15** | **11.117** | **10.122** | **994** | **8.872** | **8.926** | **-54** | **-0,6%** |

**Sviðsstjóri og miðlægar skrifstofur** voru 141 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins, sem má einkum rekja til þess að tekjur eftirlitsdeildar skrifstofu stjórnsýslu og gæða voru 107 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir, vegna afnotaleyfa.

**Samgöngustjóri og borgarhönnun** var 486 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins, einkum vegna Bílastæðasjóðs sem var 476 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Tekjur Bílastæðasjóðs voru 485 m.kr. umfram áætlun, laun og launatengd gjöld 43 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður 53 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Umhverfisgæði** var 372 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins, sem var að mestu vegna úrgangsmála sem var 364 m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur voru 420 m.kr. yfir áætlun, af þeim voru 164 m.kr. vegna greiðslna frá Úrvinnslusjóði þar af 141 m.kr. vegna ársins 2023, þá voru fleiri tunnur fyrir blandað sorp en gert var ráð fyrir í áætlun. Laun og launatengd gjöld voru 19 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður var 36 m.kr. umfram fjárheimildir, að stærstum hluta vegna innri leigu og hreinsunar við grenndarstöðvar.

**Rekstur og umhirða borgarlandsins** var 1.011 m.kr. umfram fjárheimilda tímabilsins, einkum vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 992 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist að mestu af vetrarþjónustu sem var 853 m.kr. umfram fjárheimildir og garðyrkju sem var 112 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

### Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar var 853 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu vegna aukinnar þjónustu og ótíðar. Hér er um afar mikinn kostnaðarauka að ræða umfram fjárheimildir. Unnin hefur verið greining á þjónustustigi og það kostnaðarmetið. Mikilvægt er að fylgst verði með árangri af umbótum.

## 1.4 Velferðarsvið




| Rekstur VEL (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 5.646 | 5.663 | -18 | -0,3% |
| Laun og launat. gj. | 23.601 | 22.862 | 739 | 3,2% |
| Annar rekstrark. | 13.903 | 13.039 | 864 | 6,6% |
| **Nettó útgjöld** | **31.858** | **30.238** | **1.621** | **5,4%** |

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir tímabilið janúar - september 2024 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum voru 34.986 m.kr.** sem var 858 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,5%. Fjárhagsaðstoð var 648 m.kr. eða 24,6% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 115 m.kr. eða 9,2% innan fjárheimilda. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga en upphæðin fyrir tímabilið janúar - september var metin 1.285 m.kr. m.v. um 1.000 einstaklinga á mánuði.

**Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 31.858 m.kr.** sem var 1.621 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,4%. Frávik skýrist að stærstum hluta af þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda og vistunum barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur sem var 1.152 m.kr. umfram fjárheimildir eða 96%. Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk var 315 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3%. Stuðnings- og stoðþjónusta var 189 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%.

**Tekjur** voru 18 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Það vantar inn tekjur vegna samnings um þjónustu við flóttafólk fyrir tímabilið júlí til september.

**Laun og launatengd gjöld** voru 739 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,2%. Frávik skýrist meðal annars af ófyrirséðum kostnaði vegna afleysinga fyrir starfsfólk sem fór í orlof janúar – apríl 2024. Fjárhæð vegna þessa er metin 314 m.kr. Einnig var ekki gert ráð fyrir stöðugildum í áætlun vegna nýrra úrræða sem voru opnuð á árinu.

**Annar rekstrarkostnaður** var 864 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,6%. Frávik skýrist að stærstum hluta af þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Gjöld vegna vistunar barna voru á tímabilinu 2.335 m.kr. eða 1.152 m.kr. umfram fjárheimildir. Annars vegar er um að ræða vistanir á vegum miðstöðva vegna fatlaðra barna og ungmenna og hins vegar er um að ræða börn og ungmenni sem eru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir 300 m.kr. tekjum frá mennta- og barnamálaráðuneytinu í árslok.

### Þjónustuþættir Velferðarsviðs

| Þjónustuþættir VEL (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf | 124 | 22 | 103 | 3.912 | 3.932 | -21 | 1.154 | 1.115 | 40 | **4.942** | **5.025** | **-84** | **-1,7%** |
| Samningar, framlög og styrkir | 87 | 38 | 48 | 1 | 0 | 1 | 4.231 | 4.187 | 44 | **4.145** | **4.149** | **-3** | **-0,1%** |
| Búsetuþjónusta | 164 | 166 | -2 | 10.013 | 9.655 | 358 | 991 | 1.090 | -99 | **10.841** | **10.580** | **262** | **2,5%** |
| Félagsmiðstöðvar | 78 | 76 | 1 | 229 | 239 | -9 | 361 | 345 | 16 | **513** | **507** | **5** | **1,0%** |
| Dagþjónusta | 150 | 180 | -30 | 735 | 616 | 119 | 179 | 211 | -33 | **764** | **647** | **117** | **18,0%** |
| Heimahjúkrun | 1.986 | 2.012 | -26 | 1.605 | 1.631 | -26 | 391 | 390 | 1 | **10** | **10** | **0** | **0,0%** |
| Heimastuðningur | 56 | 65 | -9 | 1.847 | 1.809 | 38 | 162 | 264 | -102 | **1.952** | **2.008** | **-55** | **-2,7%** |
| Hjúkrunarheimili | 1.521 | 1.504 | 17 | 1.408 | 1.339 | 69 | 439 | 425 | 14 | **326** | **260** | **66** | **25,3%** |
| Þjónustuíbúðir | 147 | 149 | -2 | 1.111 | 1.013 | 98 | 213 | 228 | -15 | **1.177** | **1.092** | **85** | **7,8%** |
| Hælisleitendur og flóttamannaverkefni | 960 | 1.047 | -86 | 445 | 494 | -49 | 518 | 550 | -32 | **2** | **-2** | **5** | **-192,1%** |
| Vistgreiðslur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.355 | 1.203 | 1.152 | **2.355** | **1.203** | **1.152** | **95,8%** |
| Stuðnings- og stoðþjónusta | 0 | -6 | 6 | 1.802 | 1.659 | 143 | 822 | 770 | 53 | **2.624** | **2.435** | **189** | **7,8%** |
| NPA | 3 | 106 | -103 | 0 | 0 | 0 | 1.624 | 1.627 | -3 | **1.620** | **1.520** | **100** | **6,6%** |
| Ýmis úrræði | 292 | 271 | 21 | 368 | 323 | 44 | 245 | 325 | -80 | **320** | **378** | **-57** | **-15,2%** |
| Þróunarverkefni | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16 | -16 | **0** | **16** | **-16** | **-100,0%** |
| Önnur gjöld | 77 | 33 | 44 | 125 | 150 | -25 | 219 | 294 | -74 | **268** | **411** | **-143** | **-34,9%** |
| **Rekstur samtals** | **5.646** | **5.663** | **-18** | **23.601** | **22.862** | **739** | **13.903** | **13.039** | **864** | **31.858** | **30.238** | **1.621** | **5,4%** |

### Helstu frávik

**Búsetuþjónusta** fyrir fatlað fólk var 261,7 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,5%. Þjónustuhópurinn var um 500 einstaklingar yfir tímabilið. Frávik skýrist meðal annars af fjölþættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í kjörnum og veikindum starfsmanna en sífellt er unnið að bætingu í samráði við mannauðsþjónustu sviðsins. Meðalveikindahlutfall var 7,8% á tímabilinu sem samsvarar

80 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,1% á tímabilinu sem samsvarar 21 stöðugildi. Frávik vegna orlofsuppgjörs var 129 m.kr. á tímabilinu og orlof starfsmanna sem tekið var út á fyrstu fjórum mánuðum ársins metið 157 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir.

**Hjúkrunarheimili** voru 65,8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 25%. Droplaugarstaðir voru 31 m.kr. umfram fjárheimildir eða 15%. Laun og launatengd gjöld voru 33 m.kr. yfir áætlun. Meðalveikindahlutfall var 9,9% sem samsvarar 11 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 3,7% á tímabilinu sem samsvarar 4 stöðugildum. Greidd laun vegna veikindaafleysinga voru um 10 m.kr. en daggjöld standa ekki undir þeim kostnaði. Óskað verður eftir bætingu upp í þennan kostnað frá Sjúkratryggingum Íslands.

Seljahlíð var 34,5 m.kr. umfram fjárheimildir eða 64%. Tekjur voru 220,2 m.kr. sem var 2% lægra en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 36 m.kr. umfram fjárheimildir. Langtímaveikindi voru 4,2% á tímabilinu sem samsvarar einu stöðugildi. Sjúkratryggingar Íslands gerðu samkomulag við Reykjavíkurborg um að fresta frekari framkvæmd uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins, til og með 31. ágúst 2024. Sjúkratryggingar greiða til viðbótar 7,2 m.kr. mánuði.

**Þjónustuíbúðir** voru 85 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8% en eftir er að leiðrétta fjárheimild sem lækkar frávikið. Alls búa 355 einstaklingar í þjónustuíbúð. Mikil breyting hefur verið á íbúasamsetningu þjónustuíbúða undanfarin ár og fólk með fjölþættan vanda (fíkni- og geðvanda) orðinn stærri hluti íbúa. Unnið er að því að skoða framtíðarskipulag þjónustuíbúða. Laun og launatengd gjöld voru 98 m.kr. umfram fjárheimildir eða 10%. Meðalveikindahlutfall var 11,8% á tímabilinu sem samsvarar 16 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 4,3% á tímabilinu sem samsvarar 6 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjörs var 8,1 m.kr. á tímabilinu og orlofs starfsmanna sem tekið var út á fyrstu fjórum mánuðum ársins metið 24 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir.

**Vistgreiðslur Barnaverndar** voru í heild 1.152 m.kr. umfram fjárheimildir eða 96%. Börn sem vistuð eru á vegum Barnaverndar Reykjavíkur eru vistuð á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002, nánar tiltekið 84.gr. barnaverndarlaga. Alla jafna eru vistanir með samþykki foreldra eða um er að ræða börn sem Barnavernd Reykjavíkur fer með forsjá yfir. Öll börn sem vistuð eru utan heimilis hvort sem er í fóstri eða í úrræðum, þurfa á slíkri vistun að halda og á Barnavernd Reykjavíkur hvílir rík lagaskylda til að tryggja þeim úrræði.

**Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtímavistanir og stuðningsfjölskyldur** voru 189 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Þar af voru skammtímavistanir fyrir börn 30,7 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 23,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 37% og var fjöldi barna 141. Mikið hefur áunnist í að lækka kostnað eða 48 m.kr. lækkun frá sama tímabili á síðasta ári. Stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna voru 25,5 m.kr. umfram fjárheimildir eða 20% og var fjöldi barna 149. Stuðnings- og stoðþjónusta í heild var 122,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 15% og var fjöldi notenda 380. Rekja má yfirfrávikin til lagabreytinga og reglubreytinga Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Meðalveikindahlutfall var 5,7% á tímabilinu sem samsvarar 10 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 1,5% á tímabilinu sem samsvarar þremur stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjörs var 25,2 m.kr. á tímabilinu og orlofs starfsmanna sem tekið var út á fyrstu fjórum mánuðum ársins metið 21 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir.

## Málefni fatlaðs fólks

| Málefni fatlaðs fólks (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 150 | 205 | -55 | -26,8% |
| Laun og launat. gj. | 11.027 | 10.517 | 510 | 4,8% |
| Annar rekstrark. | 5.556 | 5.565 | -8 | -0,1% |
| **Nettó útgjöld** | **16.434** | **15.877** | **556** | **3,5%** |

Nettó útgjöld velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks voru 16.434 m.kr. sem var 556 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,5%. Tekjur voru 150 m.kr. eða um 55 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik skýrast af því að áætlaðar tekjur vegna NPA eru jafndreifðar yfir árið en tekjur frá ráðuneytinu eru greiddar í lok árs. Einnig er eftir að lesa inn kjarabætur vegna NPA að fjárhæð 53 m.kr.

Laun og launatengd gjöld voru 11.027 m.kr. eða 510 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,8%. Frávik skýrist einkum af þjónustu í búsetuúrræðum og nemur rúmlega 100 stöðugildum. Að hluta til má frávikið rekja til langtímaveikinda og nýrra úrræða að Laugavegi og Vesturgötu alls 33 stöðugildi. Annar rekstrarkostnaður var 5.556 m.kr. sem var 8 m.kr. innan fjárheimilda.

Meðalveikindahlutfall var 7,8% á tímabilinu sem samsvarar 89 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2% á tímabilinu sem samsvarar 23 stöðugildum. Kostnaður vegna langtímaveikinda var 141 m.kr. en áætlun fyrir tímabilið var 68 m.kr.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 1.621 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,4% sem skýrist einkum af vistunum barna með fjölþættan vanda á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar.
- Laun og launatengd gjöld voru 739 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Annar rekstrarkostnaður var um 865 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist einkum af þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Rekstrarniðurstaða sviðsins felur í sér veruleg frávik frá samþykktum fjárheimildum. Mikilvægt er að stjórnendur sviðsins haldi markvisst utan um reksturinn þannig að hann verði innan fjárheimilda. Vísað er í skyldur sviðsstjóra sbr. ákvæði 3.4 í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

- Útgjöld vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 1.152 m.kr. eða 96% umfram fjárheimildir. Hér er um að ræða alvarlega stöðu á lögbundum lið. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum að úrbótum.

## 1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

| Bundnir liðir VEL (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1.285 | 903 | 382 | 42,3% |
| Gjöld | 4.413 | 4.794 | -381 | -7,9% |
| **Nettó útgjöld** | **3.128** | **3.891** | **-533** | **-19,6%** |

| Fjárhagsaðst. (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Framfærslustyrkur | 2.454 | 2.577 | -124 | -4,8% |
| Tekjur v. endurgreiðslu 15.gr. | -1.285 | -903 | -382 | 42,3% |
| Heimildagreiðslur fjárhgasaðstoðar | 464 | 588 | -124 | -21,0% |
| Heimildagreiðslur - Átaksverkefni | 323 | 318 | 5 | 1,4% |
| Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna | 29 | 52 | -23 | -43,7% |
| **Nettó útgjöld** | **1.985** | **2.633** | **-648** | **-24,6%** |

| Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi) | Fjöldi jan.-sep. 2024 | Fjöldi jan.-sep. 2023 | Br. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhagsaðstoð alls | 3.369 | 3.340 | 29 | 0,9% |
| Fjárhagsaðstoð 6 mán. eða lengur | 793 | 897 | -104 | -11,6% |
| Framfærslustyrkur | 2.608 | 2.449 | 159 | 6,5% |
| Heimildagreiðslur fjárhagsaðstoðar | 1.651 | 1.977 | -326 | -16,5% |




Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

**Gjöld bundinna liða voru 4.413 m.kr.** sem var 381 m.kr. eða 7,9% innan fjárheimilda. Nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 3.128 m.kr. og gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 1.143 m.kr. Endurgreiðsla frá ríkinu mun koma til með að lækka kostnað vegna fjárhagsaðstoðar.

**Fjárhagsaðstoð:** Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 3.270 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sem var 266 m.kr. innan fjárheimilda eða 7,5%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Upphæðin fyrir tímabilið janúar - september var metin 1.285 m.kr. m.v. um 1.000 einstaklinga á mánuði. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkaði um 4,9% í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og tók hækkunin gildi þann 1. janúar 2024.

**Framfærslustyrkur** nam 2.454 m.kr. sem var 124 m.kr. eða 4,8% innan fjárheimilda. Notendum hefur fækkað um 159 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 6,5% og eru nú 2.449 notendur sem hafa fengið framfærslustyrk á einhverju tímabili það sem af er ári. Myndin sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabil í fyrra en línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði.

**Heimildargreiðslur** voru alls 817 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 464 m. kr. sem var 124 m.kr. innan fjárheimilda eða 21%. Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna námu 323 m.kr. og voru 5 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,4%. Heimildargreiðslur 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru innan fjárheimilda um 23 m.kr. eða 43,7%. Heimildargreiðslur í heild voru því 142 m.kr. innan fjárheimilda. Heimildargreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fækkað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur í janúar til september 2024 var 1.997 sem er fækkun um 326 notendur eða 16,5% miðað við sama tímabil árið 2023.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur:** Nettó útgjöld voru 1.143 m.kr. sem var 115 m.kr. eða 9,2 % innan fjárheimilda.

| Sérstakur húsnæðisstuðningur | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Sérstakur húsnæðisstuðningur | 486 | 554 | -67 | -12,1% |
| Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn. | 656 | 704 | -48 | -6,8% |
| **Nettó útgjöld** | **1.143** | **1.258** | **-115** | **-9,2%** |

| Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi) | Fjöldi jan.-sep. 2024 | Fjöldi jan.-sep. 2023 | Br. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|
| Sérstakur húsnæðisstuðningur | 2.084 | 2.005 | 79 | 3,9% |
| Sérstakur húsnæðisst. félagsl. húsn. | 2.153 | 2.023 | 130 | 6,4% |
| **Samtals** | **4.237** | **4.028** | **209** | **5,2%** |

**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði** var 486 m.kr. eða 67 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum fjölgaði um 79 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði** var 656 m.kr. eða 48 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fjölgaði um 130 frá sama tímabili 2023. Hér er um að ræða uppsafnaðan fjölda yfir fyrsta ársfjórðung.

Tekjumörk voru hækkuð um 5,6% í samræmi við lög um húsnæðisbætur og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2024 en afturvirk leiðrétting vegna tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings var framkvæmd í apríl og kemur því inn á næsta ársfjórðung. Eignamörk voru hækkuð um 8,2% í samræmi við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2024. Þann 1. nóvember 2024 var tekjumörkum sérstaks húsnæðisstuðnings breytt í samræmi við lög




um húsnæðisbætur á þann veg að fjárhæðir frítekjumarka hækkuðu í samræmi við breytingar á húsnæðisbótum og að tveir flokkar frítekjumarka vegna fimm og sex eða fleiri heimilismanna bættust við. Breytingar er í gildi afturvirkt til 1. júní 2024.

Ríkið hefur samþykkt að endurgreiða sveitarfélögum sérstakan húsnæðisstuðning sem veittur er erlendum ríkisborgurum í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhæðin fyrir tímabilið liggur ekki fyrir en áætlað er að endurgreiðslan gæti numið allt að 60 m.kr.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Bundnir liðir voru 381 m.kr. innan fjárheimilda eða 7,9%. Þar af var fjárhagsaðstoð 266 m.kr. eða 7,5% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 115 m.kr. eða 9,2% innan fjárheimilda.

# 1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu




| Rekstur RHS (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 50 | 69 | -20 | -28,2% |
| Laun og launat. gj. | 1.409 | 1.429 | -20 | -1,4% |
| Annar rekstrark. | 377 | 454 | -77 | -17,0% |
| **Nettó útgjöld** | **1.736** | **1.813** | **-77** | **-4,3%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu fyrir tímabilið janúar – september 2024 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld** voru 1.736 m.kr. eða 77 m.kr. innan fjárheimilda.




**Tekjur** voru 50 m.kr. eða 20 m.kr. undir áætlun að mestu vegna Evrópustyrkja sem eftir er að tekjufæra.

**Laun og launatengd gjöld** voru 1.409 m.kr. eða 20 m.kr. innan fjárheimilda.

**Annar rekstrarkostnaður** var 377 m.kr. eða 77 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna þess að ýmis verkefni frestast eða fara seinna af stað en áætlað var.

## Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

| Málaflokkar RHS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarlögmaður | 0 | 1 | 0 | 130 | 125 | 5 | 7 | 23 | -15 | **138** | **147** | **-10** | **-6,7%** |
| Innri endurskoðun og ráðgjöf | 5 | 0 | 5 | 159 | 171 | -12 | 42 | 43 | -1 | **196** | **214** | **-18** | **-8,4%** |
| Mannréttindaskrifstofa | 1 | 3 | -2 | 195 | 208 | -13 | 21 | 60 | -39 | **215** | **265** | **-50** | **-18,8%** |
| Skrifst.borgarstjóra og borgarritara | 44 | 66 | -22 | 397 | 409 | -12 | 246 | 229 | 17 | **598** | **572** | **27** | **4,7%** |
| Skrifstofa borgarstjórnar | 0 | 0 | 0 | 528 | 516 | 12 | 61 | 99 | -39 | **589** | **615** | **-26** | **-4,3%** |
| **Samtals** | **50** | **69** | **-20** | **1.409** | **1.429** | **-20** | **377** | **454** | **-77** | **1.736** | **1.813** | **-77** | **-4,3%** |

**Borgarlögmaður** var 10 m.kr. innan fjárheimilda. **Innri endurskoðun og ráðgjöf** var 18 m.kr. innan fjárheimilda. **Mannréttindaskrifstofa** var 50 m.kr. innan fjárheimilda vegna seinkun og frestun verkefna. **Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara** var 27 m.kr. umfram fjárheimildir en eftir er að tekjufæra Evrópustyrki hjá rannsóknarþjónustu. **Skrifstofa borgarstjórnar** var 26 m.kr. innan fjárheimilda en gert er ráð fyrir að frávikið jafnist út í árslok.

## 1.6 Sameiginlegur kostnaður




| Rekstur ÖNN (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 107 | 150 | -43 | -28,8% |
| Laun og launat. gj. | 424 | 1.740 | -1.316 | -75,6% |
| Breyting lífeyriskb. | 1.767 | 1.988 | -221 | -11,1% |
| Annar rekstark. | 3.030 | 2.927 | 103 | 3,5% |
| **Nettó útgjöld** | **5.114** | **6.505** | **-1.391** | **-21,4%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði fyrir tímabilið janúar - september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 5.114 m.kr.** sem var 1.391 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins, en áætlun gerði ráð fyrir 6.505 m.kr.







**Tekjur** voru 43 m.kr. undir áætlun.

**Laun** hjá sameiginlegum kostnaði voru 1.316 m.kr. innan fjárheimilda sem skýrist af stærstum hluta af fjárheimildum sem ætlaðar eru nýju leikskólalíkani en þær námu 1.255 m.kr.

**Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRB** var 221 m.kr. undir áætlun eða 11,1%. Endurmat lífeyrisskuldbindingarinnar í tengslum við útkomuspá ársins 2024 bendir til að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar í árslok nemi 2,1 ma.kr. í stað 2,7 ma.kr. og gjaldfærslur næstu mánaða taka mið af því. Endurmatið byggir á endurskoðuðum forsendum um launavísitölu opinberra starfsmanna, vísitölu neysluverð og þróun á ávöxtunarkröfu HFF34-flokksins á markaði. Samanlagt hafa endurskoðaðar forsendur jákvæð áhrif á endurmatið.

**Annar kostnaður** nam 3.030 m.kr. hjá sameiginlegum kostnaði sem var 103 m.kr. umfram fjárheimildir. Styrkir og ýmis framlög voru 98 m.kr. innan fjárheimilda. Annar kostnaður vegna atvinnumála var 8 m.kr. innan fjárheimilda. Innheimtukostnaður skatttekna var 41 m.kr. innan fjárheimilda. Starfsmannakostnaður var 27 m.kr. innan fjárheimilda. Kosningar voru 10 m.kr. umfram fjárheimildir. Ýmis kostnaður var 271 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af liðnum ófyrirséð.

### Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

| Málaflokkar ÖNN (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar konstaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Styrkir og ýmis framlög | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 504 | 602 | -98 | **504** | **602** | **-98** | **-16,3%** |
| Atvinnumál | 0 | 0 | 0 | 19 | 90 | -71 | 3 | 11 | -8 | **22** | **101** | **-79** | **-78,0%** |
| Rekstur miðlægra tölvukerfa | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 141 | 146 | -5 | **141** | **146** | **-5** | **-3,2%** |
| Innheimtukostnaður skattekna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 492 | 533 | -41 | **492** | **533** | **-41** | **-7,6%** |
| Starfsmannakostnaður | 0 | 0 | 0 | 13 | 13 | 0 | 123 | 151 | -27 | **136** | **163** | **-27** | **-16,6%** |
| Kosningar | 106 | 150 | -44 | 85 | 75 | 10 | 85 | 75 | 10 | **64** | **0** | **64** | |
| Ýmis kostnaður | 1 | 0 | 1 | 19 | 1.274 | -1.255 | 1.680 | 1.409 | 271 | **1.698** | **2.683** | **-985** | **-36,7%** |
| Aðgerðaáætlun | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** | **0** | **0** | |
| Gjaldfærsla vegna Brúar lsj. | | | 0 | 289 | 289 | 0 | | | 0 | 289 | 289 | 0 | 0,0% |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu LsRb | | | 0 | 1.767 | 1.988 | -221 | | | 0 | **1.767** | **1.988** | **-221** | **-11,1%** |
| **Samtals** | **107** | **150** | **-43** | **2.191** | **3.728** | **-1.537** | **3.030** | **2.927** | **103** | **5.114** | **6.505** | **-1.391** | **-21,4%** |

## 1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið




| Rekstur FAS (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 25 | 39 | -14 | -36,6% |
| Laun og launat. gj. | 664 | 718 | -54 | -7,5% |
| Annar rekstrark. | 149 | 168 | -19 | -11,0% |
| **Nettó útgjöld** | **789** | **847** | **-58** | **-6,9%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá fjármála- og áhættustýringarsviði fyrir tímabilið janúar - september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.




*Samanburðartölur milli ára eru samkvæmt nýju skipulagi sem tók gildi 1. janúar 2024 en þá fluttist launaskrifstofa yfir til MOS.*

**Tekjur** voru 25 m.kr. eða 14 m.kr. undir áætlun vegna umsýsluþóknunar hjá skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar.

**Laun og launatengd gjöld** voru 664 m.kr. eða 54 m.kr. innan fjárheimilda.

**Annar rekstrarkostnaður** var 149 m.kr. sem var 19 m.kr. innan fjárheimilda.

Frávik í launum og öðrum rekstrarkostnaði fjármála- og áhættustýringarsviðs má að stórum hluta rekja til yfirstandandi skipulagsbreytinga og þess að ráðningar voru seinni en gert var ráð fyrir.

### Fjármála- og áhættustýringasvið

| Málaflokkar FAS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhættustýring | 0 | 0 | 0 | 24 | 13 | 11 | 7 | 4 | 2 | **30** | **18** | **13** | **71,9%** |
| Skrifstofa áætlana og hagmála | 0 | 0 | 0 | 71 | 70 | 0 | 9 | 5 | 4 | **80** | **76** | **4** | **5,3%** |
| Skrifstofa bókhalds og uppgjörs | 1 | 0 | 1 | 256 | 264 | -7 | 43 | 45 | -3 | **298** | **309** | **-11** | **-3,6%** |
| Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu | 1 | 1 | 0 | 83 | 88 | -5 | 11 | 12 | -1 | **94** | **100** | **-6** | **-6,1%** |
| Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar | 22 | 38 | -16 | 115 | 127 | -12 | 69 | 71 | -3 | **161** | **160** | **2** | **1,1%** |
| Skrifstofa sviðstjóra FAS | 0 | 0 | 0 | 115 | 156 | -41 | 11 | 29 | -18 | **126** | **185** | **-60** | **-32,1%** |
| **Samtals** | **25** | **39** | **-14** | **664** | **718** | **-54** | **149** | **168** | **-19** | **789** | **847** | **-58** | **-6,9%** |

## 1.8 Mannauðs- og starfsþróunarsvið




| Rekstur MOS (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 34 | 20 | 14 | 74,3% |
| Laun og launat. gj. | 555 | 555 | 0 | 0,0% |
| Annar rekstrark. | 156 | 132 | 24 | 18,3% |
| **Nettó útgjöld** | **677** | **667** | **10** | **1,4%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá mannauðs- og starfsþróunarsviði fyrir tímabilið janúar – september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 677 m.kr.** eða 10 m.kr. umfram fjárheimildir.




*Samanburðartölur milli ára eru samkvæmt nýju skipulagi sem tók gildi 1. janúar 2024 en þá fluttist launaskrifstofa yfir til MOS.*

**Tekjur** voru 34 m.kr. eða 14 m.kr. yfir áætlun m.a. vegna styrkja frá fræðslusjóðum stéttarfélaga.

**Laun og launatengd gjöld** voru á pari við fjárheimildir.

**Annar rekstrarkostnaður** var 156 m.kr. eða 24 m.kr. umfram fjárheimildir og skýrist að hluta til vegna þess að gjöld og tekjur vegna námskeiða sem eru að hluta til fjármögnuð af styrkjum úr fræðslusjóðum stéttarfélaga eru ekki að falla til á sama tíma og ætti þetta að leiðréttast á næstu mánuðum.

### Mannauðs - og starfsþróunarsvið

| Málaflokkar MOS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Launaskrifstofa | 0 | 0 | 0 | 267 | 262 | 5 | 48 | 47 | 1 | **315** | **309** | **7** | **2,2%** |
| Skristofa kjaramála | 0 | 0 | 0 | 86 | 95 | -8 | 2 | 5 | -3 | **88** | **99** | **-11** | **-11,2%** |
| Skrifstofa ráðninga og mönnunar | 0 | 0 | 0 | 47 | 45 | 2 | 0 | 1 | 0 | **47** | **46** | **1** | **3,1%** |
| Skrifstofa sviðstjóra MOS | 34 | 20 | 14 | 70 | 72 | -2 | 72 | 55 | 17 | **108** | **107** | **1** | **0,8%** |
| Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis | 0 | 0 | 0 | 74 | 71 | 3 | 1 | 0 | 1 | **75** | **70** | **4** | **6,3%** |
| Verkefnastofa starfsmats | 0 | 0 | 0 | 11 | 11 | 0 | 33 | 26 | 8 | **44** | **36** | **8** | **20,6%** |
| **Samtals** | **34** | **20** | **14** | **555** | **555** | **0** | **156** | **132** | **24** | **677** | **667** | **10** | **1,4%** |

## 1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið




| Rekstur ÞON (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1.837 | 1.715 | 122 | 7% |
| Laun og launat. gj. | 1.185 | 1.087 | 98 | 9% |
| Annar rekstrark. | 4.194 | 3.902 | 292 | 7% |
| **Nettó útgjöld** | **3.542** | **3.274** | **268** | **8,2%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir tímabilið janúar – september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 3.542 m.kr.** eða 268 m.kr. umfram fjárheimildir eða sem nam 8,2%.




**Tekjur** námu 1.837 m.kr. sem var 122 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

**Laun og launatengd gjöld** námu samtals 1.185 m.kr. eða samtals 98 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Annar rekstrarkostnaður** nam samtals 4.194 m.kr. sem var 292 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Fjárfesting í Eignasjóði** nam samtals 1.973 m.kr. en áætlun ársins gerði ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 1.967 m.kr.

| Málaflokkar ÞON (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarskjalasafn | 1 | 2 | 0 | 81 | 84 | -3 | 63 | 64 | 0 | **143** | **146** | **-3** | **-1,9%** |
| Gagnaþjónusta | 0 | 0 | 0 | 32 | 39 | -8 | 22 | 36 | -14 | **53** | **75** | **-22** | **-29,0%** |
| Upplýsinga- og skjalastýring | 14 | 14 | 0 | 79 | 80 | -1 | 52 | 74 | -22 | **117** | **140** | **-23** | **-16,4%** |
| Rekstrarþjónusta | 65 | 62 | 3 | 90 | 66 | 24 | 415 | 377 | 38 | **440** | **381** | **59** | **15,6%** |
| Stafræn Reykjavík | 50 | 0 | 50 | 167 | 100 | 67 | 99 | 151 | -51 | **216** | **251** | **-35** | **-14,0%** |
| Skrifstofa sviðsstjóra ÞON | 4 | 8 | -4 | 93 | 109 | -17 | 53 | 53 | 0 | **141** | **154** | **-13** | **-8,3%** |
| Upplýsingatækniþjónusta | 1.573 | 1.527 | 46 | 372 | 347 | 25 | 3.351 | 2.961 | 390 | **2.150** | **1.781** | **369** | **20,7%** |
| Þjónusta og umbreyting | 130 | 103 | 27 | 271 | 261 | 10 | 139 | 188 | -49 | **280** | **346** | **-65** | **-18,9%** |
| **Rekstur samtals** | **1.837** | **1.715** | **122** | **1.185** | **1.087** | 98 | **4.194** | **3.902** | **292** | **3.542** | **3.274** | **267** | **8,2%** |
| Eignasjóður fjárfestingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.973 | 1.967 | 6 | **1.973** | **1.967** | **6** | **0,3%** |
| **Samtals** | **1.837** | **1.715** | **122** | **1.185** | **1.087** | **98** | **6.167** | **5.868** | **298** | **5.515** | **5.241** | **264** | **5,2%** |

**Stafrænt ráð** Laun og launatengd gjöld voru 12,8 m.kr. á tímabilinu en ráðið hefur enga fjárheimild.

**Rekstrarþjónusta** var 59 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Umfang vinnu og afleidds kostnaðar vegna verklegra framkvæmda við endurnýjun lykilinnviða Ráðhúss hafa verið umfram fjárheimildir á tímabilinu. Skýrist það meðal annars af mun umfangsmeiri þörf á vinnu við rafmagnsinnviði Ráðhúss en gert hafði verið ráð fyrir. Þá hafa aðrir liðir á borð við rafmagn, hita, staðbundna öryggisgæslu og minniháttar viðhald fasteigna verið umfram fjárheimildir á tímabilinu. Frávik í launum og launatengdum gjöldum var vegna langtímaveikinda og uppgjörs við starfsfólk.

**Upplýsingatækniþjónusta** var samtals 369 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Annar rekstrarkostnaður var 390 m.kr. umfram fjárheimildir en þar af var innri leiga um 134 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Annar rekstrarkostnaður hefur aukist talsvert vegna samninga við úthýsingar á net- og kerfisrekstri sem eru bundnir við vísitöluhækkanir.

**Þjónusta og umbreyting** var samtals 65 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Frávik í tekjum skýrist vegna flutnings fjármagns milli ára vegna Bloomberg verkefnis. Annar rekstrarkostnaður var samtals 49 m.kr. innan fjárheimilda en áætluð verkefni færast seinna á árið.

## 1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja




| Framlög (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Strætó | 2.926 | 2.902 | 24 | 0,8% |
| Slökkvilið hbsv. | 1.115 | 1.125 | -10 | -0,9% |
| **Nettó útgjöld** | **4.041** | **4.027** | **14** | **0,3%** |

Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja fyrir tímabilið janúar – september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Framlög til B-hluta fyrirtækja** námu 4.041 m.kr. og voru 14 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Strætó:** Framlag til Strætó var 2.926 m.kr. eða um 24 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:** Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 1.115 m.kr. og var það 10 m.kr. innan fjárheimilda.

## 2. Eignasjóður




| Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.) | Raun 2024_09 | Áætlun | Frávik | % | Raun 2023_09 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 25.544 | 25.186 | 358 | 1,4% | 22.505 | 3.039 | 13,5% |
| Sala byggingaréttar | 1.648 | 2.999 | -1.351 | -45,1% | 1.689 | -41 | -2,4% |
| Sala fastafjármuna | 23 | 2.200 | -2.177 | -99,0% | 690 | -667 | -96,7% |
| Aðrar tekjur | 741 | 730 | 11 | 1,5% | 743 | -2 | -0,2% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **27.956** | **31.115** | **-3.159** | **-10,2%** | **25.627** | **2.329** | **9,1%** |
| Laun og launatengd gjöld | -2.180 | -2.303 | 123 | -5,3% | -2.067 | -113 | 5,5% |
| Annar rekstrarkostnaður | -6.739 | -6.717 | -22 | 0,3% | -6.045 | -695 | 11,5% |
| Afskriftir | -7.047 | -6.981 | -66 | 0,9% | -6.200 | -847 | 13,7% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **-15.966** | **-16.002** | **35** | **-0,2%** | **-14.312** | **-1.655** | **11,6%** |
| Fjármagnsliðir | -8.955 | -8.382 | -573 | 6,8% | -9.428 | 472 | -5,0% |
| **EBITDA** | **19.037** | **22.095** | **-3.058** | **-13,8%** | **17.515** | **1.522** | **8,7%** |
| **EBIT** | **11.989** | **15.113** | **-3.124** | **-20,7%** | **11.315** | **675** | **6,0%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **3.034** | **6.732** | **-3.697** | **-54,9%** | **1.887** | **1.147** | **60,8%** |

**Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 3.034 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 6.732 m.kr. og var niðurstaðan því 3.697 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

**Rekstrartekjur** voru 27.956 m.kr. eða 3.159 m.kr. undir áætlun. **Leigutekjur** voru 25.544 m.kr. eða 358 m.kr. yfir áætlun sem skiptist þannig að ytri leiga var 53 m.kr. yfir áætlun og innri leiga var 305 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 1.648 m.kr. og var 1.351 m.kr. undir áætlun. **Sala fastafjármuna** var 2.177 m.kr. undir áætlun **og aðrar tekjur** voru 741 m.kr. og voru 11 m.kr. yfir áætlun.




**Rekstrargjöld** námu 15.966 m.kr. eða 35 m.kr. innan fjárheimilda. **Annar rekstrarkostnaður** var 6.739 m.kr. eða 22 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af var eignaskrifstofa 175 m.kr. innan fjárheimilda, skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu 44 m.kr. umfram fjárheimildir og umhverfis- og skipulagssvið 153 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Nettó fjármagnsgjöld** voru 8.955 m.kr. eða 573 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má til hærri vaxta á árinu en áætlun gerði ráð fyrir.

## Efnahagur

| Efnahagur Eignasjóðs (m.kr.) | 30.9.2024 | 31.12.2023 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 5.780 | 5.272 | 508 | 9,6% |
| Fasteignir og lóðir | 167.168 | 162.241 | 4.927 | 3,0% |
| Götur | 40.432 | 38.250 | 2.182 | 5,7% |
| Áhöld og tæki | 8.221 | 8.728 | -506 | -5,8% |
| Leigueignir | 5.636 | 5.899 | -263 | -4,5% |
| Langtímakröfur | 1.263 | 1.141 | 121 | 10,6% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 26.299 | 26.263 | 36 | 0,1% |
| Handbært fé | 122 | 41 | 81 | 199,0% |
| Eignir samtals | 254.922 | 247.836 | 7.086 | 2,9% |
| Eigið fé | 108.219 | 105.185 | 3.034 | 2,9% |
| Langtímalán | 118.860 | 109.359 | 9.501 | 8,7% |
| Leiguskuldir | 10.770 | 11.258 | -488 | -4,3% |
| Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda | 12.139 | 15.684 | -3.546 | -22,6% |
| Ríkissjóður, fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga | 80 | 80 | 0 | 0,0% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði | 4.853 | 6.269 | -1.415 | -22,6% |
| Skuldir samtals | 146.703 | 142.651 | 4.052 | 2,8% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 254.922 | 247.836 | 7.086 | 2,9% |

## Sjóðstreymi




Með brúttó fjárfestingu er fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

# Fjárfestingar

**Fjárfestingar** á tímabilinu námu 15.058 m.kr. eða um 1.364 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 1.536 m.kr. eða 36 m.kr. yfir áætlun. Nettó fjárfesting tímabilsins nam 13.523 m.kr. og reyndist 1.401 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

| Fjárfestingar Eignasjóðs (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Fasteignir og stofnbúnaður | 7.444 | 7.456 | -12 | -0,2% |
| Samgöngumannvirki | 5.163 | 6.391 | -1.228 | -19,2% |
| Annað | 2.452 | 2.576 | -124 | -4,8% |
| Samtals fjárfesting - brúttó | 15.058 | 16.423 | -1.364 | -8,3% |
| Gatnagerðargjöld | -1.536 | -1.499 | -36 | 2,4% |
| **Samtals fjárfesting - nettó** | **13.523** | **14.924** | **-1.401** | **-9,4%** |

**Samgöngumannvirki** Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 5.163 m.kr. sem var um 19,2% undir áætlun tímabilsins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 1.536 m.kr. eða 2,4% yfir áætlun tímabilsins.

**Áhöld og tæki** Fjárfestingar námu 686 m.kr. sem var 15,5% undir áætlun tímabilsins.

**Óefnislegar eignir** Fjárfestingar námu 1.529 m.kr. sem var 5,2% yfir áætlun tímabilsins

**Lóðir, lönd og skipulagseignir** Fjárfestingar námu 55 m.kr. sem var 24,2% undir áætlun tímabilsins.

**Endurbætur, sérstök átaksverkefni** Fjárfestingar námu 182 m.kr. sem var um 24,0% undir áætlun tímabilsins.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.
- Sala byggingarréttar nam 1.648 m.kr. á tímabilinu og var 1.351 m.kr. undir áætlun. Þó er ljóst að áætlanir varðandi sölu byggingarréttar munu standast í árslok.
- Sala fastafjármuna var 2.177 m.kr. undir áætlun.
- Brúttó fjárfestingar voru 15.058 m.kr. eða um 1.364 m.kr. undir áætlun. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 1.536 m.kr. eða 36 m.kr. yfir áætlun. Nettó fjárfesting var 13.523 m.kr. og var 1.401 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

## 2.1 Eignaskrifstofa (ESR)




| Rekstur ESR (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 25.706 | 27.525 | -1.819 | -6,6% |
| Laun og launat. gj. | 65 | 77 | -12 | -15,9% |
| Annar rekstark. | 4.878 | 5.053 | -175 | -3,5% |
| Afskriftir | 7.047 | 6.981 | 66 | 0,9% |
| Fjármagnsliðir | -8.955 | -8.382 | -573 | 6,8% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **4.761** | **7.032** | **-2.271** | **-32,3%** |

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá eignaskrifstofu fyrir tímabilið janúar - september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða eignaskrifstofu var jákvæð um 4.761 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 7.032 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því lakari en áætlað var sem nam 2.271 m.kr.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 13.716 m.kr. eða 1.698 m.kr. undir áætlun. Tekjur voru 1.819 m.kr. undir áætlun og annar rekstrarkostnaður var 175 m.kr. innan fjárheimilda. Þá voru afskriftir 66 m.kr. yfir áætlun.

**Tekjur** voru 25.706 m.kr. eða 1.819 m.kr. undir áætlun og jafngildir það 6,6% fráviki.

**Leigutekjur** voru 25.544 m.kr. eða 357 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Innri leiga var 305 m.kr. yfir áætlun og ytri leiga 53 m.kr. yfir áætlun.

**Aðrar tekjur** voru 163 m.kr. eða 2.177 m.kr. undir áætlun, en sala fastafjármuna var 2.177 m.kr. undir áætlun.

**Laun og launatengd gjöld** voru 65 m.kr. sem var 12 m.kr. innan fjárheimilda eða sem jafngildir 15,9% fráviki. Frávikin skýrast af því að ekki voru allar stöður mannaðar á tímabilinu.

**Annar rekstrarkostnaður** var 4.878 m.kr. eða 175 m.kr. innan fjárheimilda sem jafngildir 3,5% fráviki.

**Afskriftir** voru 7.047 m.kr. eða 66 m.kr. yfir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir sem jafngildir 0,9% fráviki.

**Fjármagnsliðir** Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 8.955 m.kr. og voru 573 m.kr. yfir því sem áætlun gerði ráð fyrir sem jafngildir 6,8% fráviki. Þar af eru fjármunatekjur 3 m.kr. hærri en áætlað hafði verið og fjármagnsgjöld 576 m.kr. umfram áætlun þar sem vextir og verðbætur voru hærri á tímabilinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

## 2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu (RHSES)




| Rekstur RHSES (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1.648 | 2.999 | -1.351 | -45,1% |
| Laun og launat. gj. | 91 | 75 | 15 | 20,4% |
| Annar rekstark. | 231 | 187 | 44 | 23,4% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **1.326** | **2.736** | **-1.411** | **-51,5%** |

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu (RHSES) fyrir tímabilið janúar – september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu (RHSES) var jákvæð um 1.326 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 2.736 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 1.411 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

**Tekjur** af sölu byggingarréttar voru 1.648 m.kr. eða 1.351 m.kr. undir áætlun á tímabilinu.

**Aðrar tekjur** voru 2 m.kr.

**Annar rekstrarkostnaður** var 231 m.kr. eða 44 m.kr. umfram fjárheimildir sem jafngildir 23,4% fráviki.

**Laun og launatengd gjöld** voru 91 m.kr. sem var 15 m.kr. umfram fjárheimildir eða sem jafngildir 20,4% fráviki.

## 2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)




| Rekstur USK (m.kr.) | Raun 2024 | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 602 | 591 | 11 | 1,9% |
| Laun og launat. gj. | 2.024 | 2.151 | -126 | -5,9% |
| Annar rekstrark. | 1.630 | 1.477 | 153 | 10,4% |
| **Nettó útgjöld** | **3.053** | **3.037** | **16** | **0,5%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði fyrir tímabilið janúar - september 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 3.053 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 3.037 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 16 m.kr. umfram áætlun eða um 0,5%.

**Tekjur** voru 602 m.kr. eða 11 m.kr. umfram áætlun sem jafngildir 1,9%. Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 65 m.kr. hærri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir en á móti voru tekjur **USK í Eignasjóði,** 54 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í áætlun vegna milliviðskipta.

**Laun og launatengd gjöld** voru 2.024 m.kr. sem var 126 m.kr. innan fjárheimilda eða um 5,9%. **Skrifstofa reksturs og umhirðu** var 18 m.kr. innan fjárheimilda, **skrifstofa framkvæmda og viðhalds** var 88 m.kr. innan fjárheimilda og **verkefnastofa** var 19 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Frávikin eru einkum vegna þess að ekki náðist að manna allar stöður á skrifstofunum á tímabilinu.

**Annar rekstrarkostnaður** var 1.630 m.kr. og reyndist 153 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 10,4%. **Rekstur USK í Eignasjóði** var 73 m.kr. umfram fjárheimildir vegna milliviðskipta og kostnaður við **útselda þjónustu** var 82 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Rekstur USK í Eignasjóði sem færist í Aðalsjóð.** Rekstur og viðhald gatna og opinna svæða færast yfir í Aðalsjóð á gjalda og tekjulyklum miðað við raunkostnað. Þessir liðir hafa því ekki áhrif á rekstur Eignasjóðs og því eingöngu gerð grein fyrir þeim í rekstri Aðalsjóðs.

| Málaflokkar USK ES (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2024 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2024 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2024 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2024 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstur USK í Eignasjóði | 406 | 459 | -54 | 2.024 | 2.151 | -126 | -1.568 | -1.641 | 73 | **51** | **50** | **0** | **0,0%** |
| Viðhald fasteigna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.921 | 2.925 | -4 | **2.921** | **2.925** | **-4** | **-0,1%** |
| Aðgengismál fasteigna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 63 | 56 | 7 | **63** | **56** | **7** | **12,6%** |
| Færanlegar kennslustofur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | -5 | **0** | **5** | **-5** | **-100,0%** |
| Útseld þjónusta | 196 | 131 | 65 | 0 | 0 | 0 | 213 | 131 | 82 | **17** | **0** | **17** | **N/A** |
| **Samtals** | **602** | **591** | **11** | **2.024** | **2.151** | **-126** | **1.630** | **1.477** | **153** | **3.053** | **3.037** | **16** | **0,5%** |

**Útseld þjónusta:** Tekjur af útseldri þjónustu námu 196 m.kr. sem var 65 m.kr. umfram áætlun tímabilsins eða um 50%. Kostnaður við útselda þjónustu var 213 m.kr. eða 82 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 75%. Mismunur á tekjum og gjöldum verður reikningsfærður á síðari hluta ársins.